



Landsbyggðin gegn höfuðborginni

Arðrænar höfuðborgarsvæðið landsbyggðina?

Hver er munurinn á milli þess að sækja þjónustu til Reykjavíkur eða London?

Sparað fyrir Reykjavík en reikningurinn sendur á dreifbýlið?

Er hægt að snúa 300 ára þróun við?



Meðal efnis

Landsbyggðin gegn höfuðborginni

Tímarit AFLs er helgað breytingum sem fram undan eru á vinnumarkaði og samfélagsbreytingum sem þeim kunna að fylgja. Að þessu sinni er tekin fyrir misskipting á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, einkum Austurlands í samhengi við byggðaþróun á svæðinu. Með því að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag

Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson

Ritstjórn og efnisvinnsla: Útgáfufélag Austurlands

Myndir: Útgáfufélag Austurlands, AFL Starfsgreinafélag og úr einkasafni höfunda, nema annað sé tekið fram.

Upplag: 5.000 eintök

Umbrot: Augasteinar

Prentun: Héraðsprent

Dreift í öll hús á félagssvæði AFLs frá Langanesbyggð til Hornafjarðar.



Til góðra verka



Höfuðborgarstefna í 300 ár

Og áfram er haldið

5



16

Menntakerfin hafa ekki alltaf verið sniðin að dreifbýlinu

Huga þarf út í samsetningu og þarfir samfélagsins



Ferðapjónusta, menning og listir skapa verðmæti á við fiskinn

Hvað er þetta eitthvað annað?

26



34

Ráðherrar svara ekki skilaboðum sveitarstjórna

Er kominn tími á Austurlandskjördæmi?



13

Byggðamynstrið breyst en fjöldinn ekki


Próun austfirrks samfélags í 125 ár



Lífsgæði á Íslandi byggja á útflutningi

Fiskur og orka í formi stóriðju

19



32

Sjúklingarnir látnir ferðast á meðan sérfræðingarnir sitja heima

AFL hleypur undir kostnaðinn sem ríkið forðast





38

Verið að þurrka út millistéttina

Verkalýðshreyfingin verður að vera tilbúin til að ræða málin opinskátt

Íbúapróun

á völdum stöðum á landinu



Hvað er sanngjarnt?

Sanngjörn skipting gæða og verðmæta er eitt af því sem verkalyðshreyfingunni er alltaf hugleikin. Við leggjum okkar til framleiðslunnar en spurningin er hver sé sanngjörn skipting ágóða og verðmæta.

Í tímariti AFLs að þessu sinni horfum við á skiptingu ágóðans á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Fyrir um 300 árum var byrjað að byggja upp Reykjavík með flutningi stofnana í þéttbýlið sem þar var að myndast. Sú þróun hefur ekki hætt, heldur er stöðugt bætt í. Þessar stofnanir hlaða svo utan á sig, krefjast ýmissar þjónustu. Útkoman er meðal annars sú að fleiri ríkisstörf eru á höfuðborgarsvæðinu heldur en ættu að vera miðað við höfðatölu.

Þetta hefur líka stuðlað að íbúafróun. Segja má að íbúaföldi Austurlands hafi verið nokkuð stöðugur frá því um 1900. Hann var þá um 9.000 en er nú um 11.000,

sé miðað við svæðið frá Vopnafirði til Djúpavogs. Á sama tíma hefur íbúaföldi höfuðborgarsvæðisins margfaldast.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi lét gera úttekt í fyrra sem sýndi að Austurland stendur undir fjórðungi vöruútflutnings frá landinu. Fyrir rúmum tíu árum gerðu tveir háskólakennarar á Akureyri úttekt á framlagi Austurlands og Norðurlands eystra til þjóðarbúsins og heimtu skatttekna til baka. Báðar úttektir leiddu til sömu niðurstöðu – landsvæðið leggur töluvert meira í ríkiskassann en það fær.

Við gerum okkur grein fyrir því að aldrei verður hægt að koma allri þjónustu fyrir á sama staðnum. Heilaskurðlækningar verða seint í boði á Bakkafirði og Borgarfirði. Það er samt nauðsynlegt að halda uppi þjónustu um allt land. Því er haldið fram að með samþjöppun megi spara svo og svo margar milljónir. Rökin eru oft ódýr því kostnaðurinn hverfur ekki. Íbúar landsbyggðarinnar þurfa eftir sem áður að nota þjónustuna. Í staðinn er

kostnaði af henni velt yfir á einstaklinga og félög, á borð við AFL, sem kosta ferðir til höfuðborgarsvæðisins á meðan íbúar þar geta skroppið. Hugmyndaauðgin við gjaldheimtuna á sér fá takmörk eins og bílastæðagiöld Isavia Innanlandsflugvalla á Egilsstaðaflugvelli sýna.

Höfuðborgarsvæðið hefur undanfarin 60 ár að hluta til byggst upp með virkjunum og stóriðnaði. Á sama tíma virðist allt um koll keyra ef ráðast á í framkvæmdir á landsbyggðinni. Helst þokast eitthvað áfram ef það er gert í þágu ferðamanna. Landsbyggðin virðist eiga að vera opin frá maí og fram í september.

Við Hannibal Valdimarsson er kennd lína sem á kannski ágætlega við í dag. „Við Vestfirðingar við þurfum engan þingmann – en við gætum þegið Alþingi.“ Örfáir þingmenn frá Austurlandi mega sín lítills þegar við er að etja hugsunarhátt sem fengið hefur að ganga óáreittur í 300 ár. Þarna – eins og víðar í þjóðfélaginu – er vitlaust gefið.

„Fyrir hverja er hagkvæmast að hafa allt á einum stað?“

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Mynd: Háskóli Íslands/Kristinn

Hugmyndir um að byggja upp þjónustu á höfuðborgarsvæðinu hafa lengi haldist í hendur við sjálfstæði þjóðarinnar. Stefnan hefur fengið að ganga nær óáreitt í hartnær 300 ár og virðist heldur ætla að bæta í. Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir að með bættum tengingum Austurlands við útlönd sé hægt að skora þær hugmyndir á hólmi að öll samskipti við umheiminn fari í gegnum Reykjavík.

„Við höfum búið hér við hartnær 300 ára höfuðborgarstefnu, allt frá því að Skúli Magnússon og fleiri stofnuðu Innréttingarnar árið 1751. Ísland var þá algjört dreifbýli, lögum samkvæmt áttu allir íbúar að vera skráðir á sveitabæ. Landið var harðbýlt og reglulega mannfellir. Á þessum tíma voru ræddar hugmyndir í þáverandi höfuðborg, Kaupmannahöfn, um hvað ætti að gera við þetta fólk. Ein hugmyndin var að flytja alla á jósku heiðarnar, önnur að flytja í hreindýr til að við gætum bjargað okkur eins og Samar. Íslendingar fengu bara þær ljótustu rollur sem þeir höfðu nokkru sinni séð!

Skúli taldi að til að koma Íslandi inn í nútímann yrði að verða til þéttbýli. Til þess þyrftu nýjungar og þekking að streyma inn á einn stað og þaðan út til landshlutanna. Hann teiknaði þetta upp,

vildi hafa þennan stað nærri Bessastöðum, síðan þorp í Dýrafirði, Eyjafirði og á Eskifirði. Á þessum stöðum átti að setja upp verksmiðjur, nokkurs konar iðnskóla, þar sem ungir menn kæmu til að læra handverk, eins og að verka skinn eða vefa reipi, og fara síðan aftur með heim til sín. Á sinn hátt voru Innréttingarnar byggðastofnunarverkefni. Þær skiluðu ekki fjárhagslegum arði og áttu aldrei að verða samkeppnishæfar við verksmiðjur í Evrópu.

Á 19. öld eru stofnanir fluttar í þetta vaxandi þorp á suðvesturhorninu. Amtmaður, landlæknir, biskupsstólarinn og skólarnir sem voru þá frá Hólum og Skálholti og prentsmiðja af Norðurlandi. Nýju stofnanirnar, svo sem Landsbankinn og Landsbókasafnið risu þar líka. Jón Sigurðsson vildi að miðstöð menningar og mennta yrði í Reykjavík.

„Við höfum búið hér við hartnær 300 ára höfuðborgarstefnu.“

Háskóli Íslands var stofnaður í Reykjavík árið 1911. Það þótti svo dýrt að fara til Kaupmannahafnar, það var aðeins fyrir þá efnuðustu og námið passaði ekki við íslenskar aðstæður. Þessa þróun studdu bændahöfðingjar um allt land. En það var svo strax nokkrum áratugum síðar sem farið var að gagnrýna að háskólinn væri of hallur undir Reykjavík. Enn var dýrt fyrir fólk að fara í háskólanám, bara ekki fyrir fólk úr Reykjavík og ekki var endilega kennt það sem Austfirðingar þurftu á að halda.

Við höfum ekkert komist út úr þessu, jafnvel þótt Akureyri hafi fyrir löngu verið orðin stærri en Reykjavík þegar fyrsti borgarstjórinn tók þar til starfa,“ segir Þóroddur.



Sauðfé rekið til skips á Seyðisfirði á milli 1910-20. Staðurinn var þá trúlega lykilmær Austurlands. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Björn Björnsson

Þéttbýlisvæðing um allt land

Þróun Reykjavíkur samanborið við önnur landsvæði má meta út frá ýmsum gögnum. Mannfjöldatölur eru þó sennilega eitt augljósasta dæmið. Um aldamótin 1900 bjuggu um 9.000 manns á Austurlandi. Fjöldgunin síðan er óveruleg, íbúarnir eru um 11 þúsund í dag. Til samanburðar bjuggu um 6.000 manns í Reykjavík og hafði þá verið að fjölga. Vöxturinn á höfuðborgarsvæðinu hefur nánast verið í veldisvexti og samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar búa þar nú rúmlega 244 þúsund einstaklingar. Árbær er til dæmis ögn fjölmennari en Austurland allt en Breiðholtið tvöfalt stærra.

En Þóroddur minnir á að þessa þróun verði að skoða í víðara samhengi. „Íslenskt þjóðfélag hefur breyst mjög á þessum tíma. Það er oft talað um þéttbýlisvæðinguna sem vöxt Reykjavíkur en hún varð út um allt.

„Á sinn hátt voru Innréttingarnar byggðastofnunarverkefni.“

Um aldamótin 1900 bjuggu flestir í sveit. Viðbrigðin voru hvað mest á Vestfjörðum. Þar bjuggu um 14.000 manns og mest í sveitum, þar búa núna 7.000 manns, þar af innan við 700 í sveitunum.“

Er samþjöppun fæðingarþjónustu hagkvæmari fyrir foreldrana?

Þóroddur og Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor í hagfræði við HA, unnu árið 2013 rannsókn á skatttekjum í Norðausturkjördæmi og hve mikið af þeim kæmi til baka. Þar skoðuðu þeir bæði

kjördæmið samanlagt en líka Norðurland eystra og Austurland sér. Niðurstaðan var að Austurland lagði fram 16,8 milljarða króna, árið 2011 en fékk 13,4 milljarða króna til baka. Norðurland lagði til 39,8 milljarða en fékk 38,1 milljarð króna.

„Við eltum hverja krónu, allt niður í sigarettuskattinn. Við sáum að Austurland lagði umtalsvert í kassann eftir að hafa staðið undir sínu, hvort sem horft var til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, landbúnaðarstyrkja eða annars. Ég hef ekki trú á að þetta hafi breyst mikið en það væri tímabært að gera aðra svona rannsókn. Það er hægt að reikna þetta fram og til baka en það breytir ekki niðurstöðunni. Austfirðingar leggja töluvert til höfuðborgarsvæðisins í gegnum skattana sína,“ segir Þóroddur.

„Enn var dýrt fyrir fólk að fara í háskólanám, bara ekki fyrir fólk úr Reykjavík“

Það þarf þó ekki að vera fyllilega óeðlilegt. Sum þjónusta er það sérhæfð að hún verður aldrei í boði nema á einum stað. „Við erum sammála um að það verða ekki gerðar heilaskurðaðgerðir í öllum þorpum landsins. Á móti þurfa ýmsir hlutir að vera í heimabyggð. Þú sendir ekki hvert einasta smáslys í flugi til Reykjavíkur.

Við höfum séð umræðu um fæðingarþjónustu, að það sé hagkvæmara að allar íslenskar konur fæði börn á Landsspítalanum. En fyrir hvern er þetta hagræði? Varla fyrir feðurna sem næðu sjaldnast að vera viðstaddir eða mæðurnar sem þurfa að fara að heiman tveimur vikum fyrir ætlaðan fæðingardag. Þetta snýst um að finna milliveginn.



Reglulegt millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll myndi opna möguleika fyrir Austfirðinga til að sækja þjónustu og stunda viðskipti í auknum mæli fram hjá Reykjavík.

Upp að ákveðnu marki á fólk rétt á að búa þar sem það vill. Sá sem vill búa á Raufarhöfn borgar sömu skatta og aðrir. Á hann ekki rétt á að vegurinn til hans sé mokaður þannig hann geti sótt þá þjónustu sem hann hefur lagt sitt af mörkum til að byggja upp?“

Höfuðborgin græðir á þjóðernishyggunni

Þóroddur vill meina að áherslan á Reykjavík eigi að einhverju leyti heima í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. „Ef það er svona hagkvæmt að lækni meðferðin sé í Reykjavík má spyrja hvort það væri ekki enn hagkvæmara að hún væri í London? Þar er meiri sérfræðiþekking og betri aðstaða. Þegar maður ræðir hlutina á þessum nótum við fólk úr Reykjavík þá þykir því hugmyndin um að fólk sé á spítala fjarri ástvinum sínum fáránleg, jafnvel þótt það þyki eðlilegt að fólk utan af landi liggi á Landspítalanum.

Þjóðernishyggi trufnar okkur. Við teljum að við sem íslensk þjóð

„Við eltum hverja krónu, allt niður í sigarettuskattinn.“

þurfum við að gera ýmsa hluti sem eru óhagkvæmir en það á ekki við þegar rætt er um landshlutana. Einhvern vegin á 85% þjónustunnar að vera þar sem 67% þjóðarinnar búa.

En það má spyrja að því að miðað við hvernig samgöngur á milli landa eru orðnar hvort öll þessi þjónusta þurfi að vera héraendis. Það er kannski ekki allur munur fyrir Austfirðing á að fara í aðgerð í London eða Reykjavík.

Það er áhugavert að sjá svona sterka þjóðerniskennid í dreifbýli þegar höfuðborgin er sú sem græðir mest á henni. Þessi hugmynd um eina þjóð í einu landi er ekki bundin við Ísland. Þau svæði í Bretlandi sem græddu mest á innviðastyrkjum Evrópusambandsins studdu helst við Brexit.“

Tengslin við útlönd skipta borgina máli

Velta má upp þeirri spurningu að hve miklu leyti Reykjavík, með allan sinn fólksfjölda á afar afmörkuðu svæði, eigi orðið samleið með landsbyggðinni og hvernig hún sinni skyldum sínum sem höfuðborg. „Getur hún lifað á því að vera höfuðborg til að þjónusta helmingi minna svæði en sjálfa sig. Reykvingar telja margir frekar að Reykjavík eigi að vera borg á meðal borga, að tengsl hennar við New York eða London séu orðin mikilvægari en við íslenska dreifbýlið.

Þessu fylgja raddir á borð við þær sem vilja loka Reykjavíkurlflugvelli. Hann hefur í gegnum tíðina tryggt að öll þjóðin hefur kost á að komast á Austurvöll á um tveimur tímum. Þetta var hugarfarið á bak við það að Reykjavík væri miðstöðin með allar þjóðstofnanirnar, sem var kannski ekki gott fyrir okkur fyrir norðan eða austan.

Fyrir borgarbúana skiptir Keflavíkurlvöllur öllu máli, að komast hratt og ódýrt til annarra landa. Og ef þú ert óánægður með að hafa ekki aðgang að þjónustunni, sem skattarnir þínir fara í, af hverju drífurðu þig ekki suður?“

Þóroddur segir að undanfarin ár hafi hægst á fólksflutningum innanlands og nú sé svo komið að fólk flytjist frekar úr Reykjavík í nálægðar byggðir, til dæmis Selfoss. Fólksfölgun víða um land sé að einhverju leyti drifin áfram af flutningi til landsins. Austurland tapi ekki núorðið mörgum til höfuðborgarsvæðisins, umfram aðflutta. Sú þróun hafi snúist við eftir aldamót. „Það hefur verið mikill vöxtur á því svæði sem stundum er kallað Hvítá – Hvítá. Þangað tapar borgin en þá heyrast strax raddir um að skilgreina það líka sem hluta höfuðborgarsvæðisins.“

„Ef það er svona hagkvæmt að lækni meðferðin sé í Reykjavík má spyrja hvort það væri ekki enn hagkvæmara að hún væri í London?“

Borgarstefnan er brauðmolakenning

Í byrjun sumars skilaði starfshópur innviðaráðherra um mótun borgarstefnu af sér fyrstu tillögnum. Í tilkynningu segir að markmið hennar eigi að vera að „styrkja stöðu Íslands í harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki“ en líka stuðla að samspili þéttbýlis og dreifbýlis. Borgirnar eru tvær, Reykjavík sem höfuðborg og Akureyri sem svæðisborg. Þóroddur setur fyrirvara við þær tillögur.

„Í um 20 ár hafa ákveðnir þingmenn Reykjavíkur komið fram með hugmyndir að höfuðborgarstefnu, sem nú er orðin að borgarstefnu með því að bæta Akureyri við – restin má eiga sig. Einu skyldur höfuðborgarinnar eru að vera æðisleg og til þess á hún að fá sem mest af opinberu fjármagni til að hjálpa öðrum þannig að enn meiri peningar flytjist úr dreifbýli til borgarinnar. Kenningin er líka sú að nýsköpunin sé í borgunum og þess vegna sé best fyrir dreifbýlið að byggja borgir. Þetta er svipað og kenningarnar um að ef sá ríki verður ríkari þá græða allir – og byggir á álíka veikum staðreyndum.

Þetta byggir á hugmyndum um að fólk vilji búa í borgum, sem er einfaldlega ekki rétt. Tæknibreytingar, fasteignaverð og ólíkar hugmyndir um lífsgæði gera það að verkum að fólk flytur úr mörgum vestrænum borgum. London tapar íbúum umfram aðflutta til dreifðari byggða innanlands. Þessar borgir vaxa helst vegna

„Fyrir borgarbúana skiptir Keflavíkurlvöllur öllu máli, að komast hratt og ódýrt til annarra landa.“



Teikning August Mayer af miðbæ Reykjavíkur árið 1836.



Póroddur segir að hvernig sem reiknað sé verði útkoman alltaf sú að Austurland leggi meira skattfé í ríkiskassann en varið sé í fjórðungnum.

aðflutnings frá öðrum löndum. Við sjáum þetta líka hér á landi með fjölguninni á suðvestursvæðinu. Þar getur fólk búið og notið ýmissar þjónustu á báðum stöðum.

Í skýrslunni er til dæmis fullyrt að OECD vilji efla borgir og nefnd dæmi frá Írlandi og Bretlandi. En þegar frumheimildirnar eru skoðaðar kemur allt annað í ljós. OECD vill auka gagnvirk samband þéttbýlis og dreifbýlis því hvorugt geti án hins verið. Bretar vilja efla hlutfallslega yfirburði svæða og Írar telja samþjöppun í Dublin orðna það mikið vandamál að næstu ár verði að tryggja vöxt utan borgarinnar.

Heildarsýnina vantar. Við þurfum að ræða hvernig við gerum þetta og kosti, galla og kostnað við mismunandi leiðir. Hvaða þjónustu við höfum í höfuðborginni og hvaða þjónustu við höfum dreifðari?

Hvernig á til dæmis að nýta þann pening sem sparast á að þjappa hlutunum saman? Það væri dýrt ef Þjóðleikhúsið héldi úti atvinnuleikhúsum í öllum landsfjórðungum en á hagnaðurinn af sparnaðinum að fara í

„Einu skyldur höfuðborgarinnar eru að vera æðisleg og til þess á hún að fá sem mest af opinberu fjármagni.“

hítina eða í að tryggja aðgengi að þessu eina leikhúsi eða efla leiklistarstarf um allt land annars staðar?

Ég vil ekki tala listamannalaun niður en þegar þau eru skoðuð kemur í ljós að þau fara nær öll á höfuðborgarsvæðið, um helmingurinn býr í pósnúmer 101. Fleiri sem búa erlendis en á landsbyggðinni fá listamannalaun. Það er skiljanlegt að fólki gremjist að styðja við menningu sem það getur ekki notið. Þetta er svipað og ef við greiddum skatta til að halda uppi óperunni í Kaupmannahöfn og væri sagt

„Fleiri sem búa erlendis en á landsbyggðinni fá listamannalaun.“

að við gætum keypt okkur miða þangað. Ég held að okkur þætti mikilvægara að kaupa búninga á okkar leikhóp heldur en tryggja framúrskarandi sópransöngkonu í Kaupmannahöfn.“

Lágmarksinnviðir á nýlendunni

Póroddur vísar líka til kenninga um innri nýlendustefnu. Nafnið vísar til þess að á nýlendutímanum nýttu Evrópuríkin auðlindir nýlendna sinna í hagnaðarskyni. Þau byggðu á móti upp ákveðna þjónustu, svo sem samgöngur, skóla og heilbrigðiskerfi en héldu henni í lágmarki.

„Þau byggðu upp þá þjónustu sem þurfti til að geta nýtt auðlindirnar en allt gekk út á að eyða sem minnstu til þess en fá sem mest út úr þeim.

Við getum hugsað okkur víðfeðmt land þar sem stundað er skógarhögg. Til að nýta auðlinda þarf vegi en þeir eru bara eins góðir og þarf í skógarhöggið. Við þurfum skóla, því annars skilja skógarhöggsmennirnir ekki leiðbeiningarnar með keðjusögnum. Síðan þurfum við heilbrigðisþjónustu því stundum slasa skógarhöggsmennirnir sig. Eða þegar brú er byggð í nýlendunni er hún einföld og ódýr en þegar brú er byggð í höfuðborginni er smíðað mannvirki sem gleður augað og kostar tífalt meira. Borgin er samfélagið, við viljum að það sé gott og þess vegna er það gert vel.

Í okkar dæmi getum við sagt að það sé gott að það sé sjávarútvegur fyrir austan. Sömuleiðis ferðaþjónusta. Þá komum við að áhugaverðu dæmi eins og vetrarþjónusta á vegum. Það gengur ekki að aðeins sé mokað þrisvar í viku því þá komast túristarnir ekki.

„Austurríki“

Ímynduð útgjöld og tekjur ef Austurland sliti sig úr sambandi við Ísland

Útgjöld **13.443** kr.*

Tekjur **15.578** kr.*

Tekjur eftir ráðuneyti	m.kr.	hlutfall útgjalda Íslands
Æðsta stjórn ríkisins	7	0,20 %
Forsætisráðuneyti	0	0 %
Mennta- og menningarmál	882	1,54 %
Utanríkisráðuneyti	1	0,01 %
Sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	1.153	6,19 %
Innanríkisráðuneyti	3.865	6,45 %
Velferðarráðuneyti	5.417	2,59 %
Fjármálaráðuneyti	1.411	2,29 %
Iðnaðarráðuneyti	338	6,82 %
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	55	1,66 %
Umhverfisráðuneyti	314	4,60 %
Samtals:	13.443	2,64 %

Útgjöld eftir málaflokkum	m.kr.
Starfsemi og þjónusta	5.442
Fjárfestingar í innviðum	1.173
Bætur til einstaklinga	4.065
Styrkir svæða og atvinnugreina	2.783
	13.443

Tekjuliður	m.kr.	hlutfall tekna Íslands
Virðisaukaskattur	4.277	3,24 %
Tekjuskattur	2.965	3,32 %
Tryggingagjald	1.126	3,32 %
Atvinnuþryggingagjald	1.016	3,32 %
Fjármagnstekjuskattur	580	2,35 %
Gjöld á bensín og olíur	1.134	5,08 %
Tekjuskattur lögaðila	876	3,32 %
Áfengisgjald	335	3,08 %
Bifreiðagjöld	243	3,81 %
Tollar og aðflutningsgjöld	169	3,13 %
Tóbaksgjald	160	3,22 %
Eignaskattur einstaklinga	33	0,63 %
Vörugjald af almennum innflutningi	125	3,20 %
Tekur vegna RÚV	122	3,27 %
Flutningsjöfnunargjald	32	7,44 %
Aðrar tekjur	2.416	3,32 %

Samtals: **15.578** **3,30 %**

Hagnaður **2.135** kr.*

* Tölur í milljónum króna árið 2011

Heimild: Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi og tekjur ímyndaðs „Norðausturríkis“ eftir Þórodd Bjarnason og Jón Þorvald Heiðarsson. Birt í Stjórnmal & stjórnsýsla, 1. tbl. 2013



Innri nýlendustefna snýst um að tryggð sé lágmarksþjónusta þar sem auðlindirnar séu. Til dæmis að menntun sé þannig að skógarhöggsmaðurinn geti lesið leiðbeiningarnar með keðjusöginni en frekari fræðsla er í höfuðstaðnum.

„Þetta er svipað og ef við greiddum skatta til að halda uppi óperunni í Kaupmannahöfn og væri sagt að við gætum keypt okkur miða þangað.“

Það eru hins vegar fleiri sem sitja fastir. Er eðlilegt að fólk sé fast heima fram að næsta mokstursdegi? Með nýlenduglæraugunum sérðu að öll starfsemin er í lagi þótt fólk sé fast í einhvern tíma. Það væri fínt að segja við íbúa Seltjarnarness að enginn komist þaðan í nokkra daga.

Við sjáum einkennin. Samgöngurnar verða að vera nógu góðar fyrir skógarhöggið, það er að segja

ferðamennina. Þeir skila hagnaði. En hvert fer hann? Beint og óbeint í samfélagið fyrir sunnan, í gegnum skattfé og önnur gjöld. Það er óhagkvæmt fyrir Reykjavík að ferðamenn komist ekki um landið á veturna og þá þarf að leysa málið, ekki af því að aðrir sitja fastir.“

Hvernig hagræði eins verður kostnaður annars

Þóroddur heldur áfram og rekur dæmi um hvernig hagræðingin af því að vera með hluti á einum stað skilar sér takmarkað út í samfélagið.

„Hluti vandamálsins við að koma á millilandaflugi af landsbyggðinni er að eldsneytið er dýrara þar, jafnvel þótt það komi erlendis frá. Því er dælt á tanka í Helgúvík þaðan sem liggja leiðslur til Keflavíkur. Til að koma því austur er því keyrt með tilheyrandi flutningskostnaði og afgreiðslugjaldi.

Á móti væri hægt að byggja tank á

Reyðarfirði og keyra eldsneytinu þaðan í Egilsstaði. Það þykir of dýrt. Samt er miklu dýrara að flytja eldsneytið með bíl en skipi. Venjulegt eldsneyti er ekki flutt á þennan hátt.

Þarna er kostnaði, sem skapast af því að það þykir hagkvæmt að setja eldsneytið í land á einum stað, velt yfir á aðra. Fyrst það er svona hagkvæmt að þjappa hlutunum saman – af hverju er kostnaðurinn ekki greiddur með þeim hagnaði?

Okkur vantar líka heildarsýnina. Á sama og tíma þjónustan þjappast saman byrjar Isavia Innanlandsflugvelli ehf. að rukka bílastæðagjöld fyrir malbiki en ný álma er byggð á völinn fyrir sunnan. Norðmenn reka sína flugvelli í einu kerfi og virðast ekki vera í vanda með að nota tekjur af þeim stóru til að halda þeim minni gandi.“

„Fyrst það er svona hagkvæmt að þjappa hlutunum saman – af hverju er kostnaðurinn ekki greiddur með þeim hagnaði?“

Lykilatriði að koma á millilandaflugi

Þóroddur segir ýmsar leiðir færar til að styrkja Austurland. Ein leiðin sé að styrkja Egilsstaði sem miðstöð, önnur sé að efla samgöngur. „Ef mið-Austurland væri tengt saman þá tæki ekki lengri tíma að fara á milli staða en á Suðurnesjum.“

Hann segist skilja umræður um forgangs röðun jarðgangakosta en ítrekar að mikilvægast sé að horfa á heildarmynd til framtíðar og hvernig hægt sé að komast á sem stystum tíma á milli byggða. „Við

„Tæknibreytingar, fasteignaverð og ólíkar hugmyndir um lífsgæði gera það að verkum að fólk flytur úr mörgum vestrænum borgum.“

reiknuðum út áhrif Héðinsfjarðarganga. Jákvæðu áhrifin voru mun meiri á Siglufirði en á Akureyri. Áhrifin verða alltaf meiri á minni staðnum.“

En Þóroddur bendir líka á aðrar samgöngur. „Ég tel að við eigum að gera gangskör í tengingu Austurlands við útlönd. Hugmyndin um að Reykjavík sé tengipunkturinn við útlönd er lífseig og að allar vörur þurfi að flytja þar í gegn og dreifast þaðan.“

Tökum hluta af þeirri hagræðingu sem hefur orðið með því að fara með allt á einn stað og tryggjum til dæmis flug tvisvar í viku til London á góðu verði. Íbúi á Austurlandi getur í dag komist þangað á 14 tímum með morgunflugi frá Egilsstöðum og síðdegisflugi frá Keflavík. Hann byrjar á að ferðast 700 kílómetra í vitlausa átt.

Að Lundúnir væru komnir í tveggja tíma fjarlægð frá Egilsstöðum hefði gríðarleg samfélagsleg áhrif, ekki bara í formi ferðafólks heldur lífsgæða. Íbúar gætu farið í helgarferðir og fyrirtæki fengið vörur sendar. Ef það eru áhrif af því að stytta leiðina á milli Siglufjarðar og Akureyrar um klukkustund þá yrðu áhrifin af því að stytta ferðatímamann á milli Egilsstaða og London um 12 tíma margföld.“

„Ef mið-Austurland væri tengt saman þá tæki ekki lengri tíma að fara á milli staða en á Suðurnesjum.“

Lífsgæðin ráða búsetuvali í framtíðinni

Þóroddur ítrekar að viðhorfið til búsetu á minni stöðum sé að breytast, meðal annars með tæknibreytingum. Það feli í sér tækifæri. „Hingað til í mannkynssögunni höfum við búið þar sem við getum séð fyrir okkur. Þess vegna höfum við farið frá falllegustu stöðum í mengandi stórborgir.

Tengsl vinnu og búsetu eru núna að trosna og ég held að byggðapróun velti þess vegna á því hvar fólk vill búa.

Það geta vel búið fleiri á Austurlandi en í dag. Hversu margir þeir verða eftir 15-20 ár ræðst af því eftir hvers konar lífsgæðum fólk sækist. Sá sem vill borða úti á nýjum veitingastað öll kvöld þarf að vera í New York eða London. Annað fólk kys minna samfélag, nálægð við náttúru, veðursæld. Það verður líka horft í tækifæri til menntunar, sem aukast með fjarnámi og íþróttastarf. Það er liðin tíð að vinnan skipti öllu máli. Þess vegna munu lífsgæðin ráða byggðapróuninni til framtíðar.“

„Ef það eru áhrif af því að stytta leiðina á milli Siglufjarðar og Akureyrar um klukkustund þá yrðu áhrifin af því að stytta ferðatímamann á milli Egilsstaða og London um 12 tíma margföld.“

Hver er Þóroddur Bjarnason?

Þóroddur hefur búið á Akureyri frá árinu 2004. Hann hefur verið prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri frá 2004 en verið í leyfi frá árinu 2022 til að gegna prófessorsstöðu við Háskóla Íslands. Hann var áður lektor við University at Albany í Bandaríkjunum eftir að hafa lokið doktorsprófi frá University of Notre Dame í Indiana í Bandaríkjunum. Hann var meðal annars stjórnarformaður Bygðastofnunar árin 2011-15. Eftir hann liggur fjöldi greina og rannsókna á byggðamálum, meðal annars um samfélagsleg áhrif jarðganga og millilandaflugs, byggðafestu og búferla auk greinar um útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi og tekjur ímyndaðs „Norðausturríkis“.



Byggðamynstur á Austurlandi er samofið þróun iðnaðar



Páll Baldursson, sagnfræðingur og verkefnastjóri hjá Austurbrú

Frá því í byrjun 20. aldar má finna nokkur lykilatriði sem ráðið hafa fólksfjölgun eða samþjöppun á Austurlandi: vélbátavæðinguna, hernámið, síldarárin, skuttogara-væðinguna og álverið. Páll Baldursson, verkefnastjóri hjá Austurbrú og sagnfræðingur hefur skoðað þessa sögu.

„Það eru yfirleitt alltaf einhver ný framleiðslutæki eða ný þekking sem hafa ráðið þessari þróun. Allt er þetta líka einhver hagnýting á auðlindum á svæðinu“

segir Páll þegar við byrjum að ræða mannfjöldaþróun og tengsl hennar við atvinnusögu Austurlands.

„Þéttbýli byrjaði að myndast á Austurlandi um aldamótin 1900. Fyrir það var kannski helst þéttbýli á Eskifirði því þar var verslunarstaður og svo minni byggðir í kringum verslanir á Djúpavogi, Vopnafirði og Seyðisfirði, sem varð stærstur þessara staða.

Smám saman í upphafi 20. aldar hófst vélbátaútgerðin og hún átti stóran þátt í því að þéttbýlið í Neskaupstað varð til. Um aldamótin 1900 bjuggu um 70 manns í þorpinu á Nesi, árið 1910 voru þar rúmlega

500 manns og yfir 1.100 árið 1930. Þetta er frekar hröð þróun og augljóst dæmi um stað þar sem fólki fjölgar þegar til verður atvinnutækifæri.

Síðan kom önnur umgjörð á hernámsárunum með uppbyggingu á Reyðarfirði og Seyðisfirði. Áfram eftir stríð gerðu þessi atvinnutæki það að verkum að þorpin við sjávarsíðuna byggðust upp. Á síldarárunum kom mikil innspýting. Aðeins fyrir þau og síðan áfram var þéttbýlið á Egilsstöðum farið að myndast sem var að vissu leyti með öðrum hætti því það byggðist upp í kringum þjónustu við landbúnað með Kaupfélagi Héraðsbúa.

Það er oft talað um áttunda áratuginn og fram á þann níunda sem blómatíma landsbyggðarinnar. Á þessum tíma komu skuttogararnir sem voru vel á annan tug á Austfjörðum þegar mest lét. Japanstogararnir tíu voru smíðaðir um miðjan áttunda áratuginn. Af þeim komu fjórir til Austfjarða. Á þessum áratugum voru frystihúsin byggð upp og ráðist í hafnargerð alls staðar því það kom miklu meiri afli á land en áður.

„Um aldamótin 1900 bjuggu um 70 manns í þorpinu á Nesi, árið 1910 voru þar rúmlega 500 manns.“

Þetta krafðist allt mikils mannafla. Það varð mikil fólksfjölgun á Austurlandi og mörg hús byggð. Húsin frá þessum tíma eru auðþekkt. Þau eru nánast eins og má finna í flestum byggðakjörnum, heilu göturnar.

Þegar nær dró 1990 byrjaði ákveðin hnignun með minnkandi veiði. Kvótakerfið var sett á árið 1984 því við höfðum ofveitt fiskinn í sjónum. Efnahagsskilyrðin fyrir fyrirtækin voru heldur ekki góð á þessum verðbólguárum.

Um 1990 kom hagræðing og tæknibreytingar sem krefjast minni mannafla. Þarna var hafin barátta fyrir því að virkja og byggja upp iðnað á Reyðarfirði. Það bar loks árangur og þá kom stórt skot upp á við í íbúatöluna.

Þegar við horfum á þessa sviðsmynd í heild þá sjáum við að við vorum um 9.000 í byrjun 20. aldar. Í dag erum við rúmlega 11.000 þannig að á þessum tíma hefur okkur ekki fjölgað nema um 2.000 manns.

Neskaupstaður er nærri þeim íbúafjölda sem var í kringum stríðið. Á mörgum stöðum hefur fækkað eða staðið í stað. Helst er það í þéttbýlinu við Lagarfljót sem fjölgunin hefur verið stöðug allan tímann.“

Háskólinn snéri við hnignun á Akureyri

Þegar þróunin er borin saman við aðra staði má benda á að íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu hefur margfaldast á þessum tíma. Íbúafjöldinn á Akureyri og Austurlandi var áþekkur á milli 1960-70 en íbúafjöldinn á Akureyri hefur síðan um það bil tvöfaldast.

„Samfélagið getur verið gott þótt við séum bara 11.000.“

stofnaður árið 1987. Um það leyti var ákveðin hnignun á Akureyri sem hefði getað haldið áfram. Þessi gamli iðnaðarbær var að breytast. Hagræðing í sjávarútvegi hafði áhrif á Eyjafjarðarsvæðinu eins og annars staðar og gömlu framleiðslufyrirtækin þurftu að hagræða.



Togarinn Brettingur NS 50, einn Japanstogaranna, í heimahöfn á Vopnafirði á tíunda áratugnum. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri

„Stóra spurningin er auðvitað hvers vegna þróunin hefur verið svona. Ég velti því fyrir mér hvort okkur vanti það sem kemur í viðbót. Við þurfum að hafa atvinnu sem oft hefur byggt á auðlindum okkar.

Á Akureyri er áhugavert að sjá þá breytingu sem varð eftir að háskólinn var

Háskólinn og það umhverfi sem hann hefur skapað hefur breytt stöðunni. Þennan vinkil vantar á okkar svæði, þótt fjarnám sé komið og við eigum flottar þekkingarstofnanir vantar okkur háskóla- og fræðasamfélag af einhverri stærðargráðu.

„Stóra spurningin er auðvitað hvers vegna þróunin hefur verið svona. Ég velti því fyrir mér hvort okkur vanti það sem kemur í viðbót.“

Á síðustu árum höfum við séð greinar eins og fiskeldi, ferðaþjónustu og menningu vaxa en ég hefði haldið að við þyrftum eitthvað tengt háskólageiranum því hann styður við svo margt fleira, meðal annars með þjónustu við atvinnulífð.“

Hvað þarf margt fólk til að skapa gott samfélag?

Alltaf er rétt að velta upp þeirri spurningu hvert Austurland skuli stefna. Hvað þýðir félksfjölgun fyrir lífsgæðin? Er fjölgun æskileg eða er Austurland af hentugri stærð? Hvað þýðir það ef fólk fjölgar ekki í takt við mannfjöldapróun í landinu, þannig að Austfirðingar verða áfram hlutfallslega

færri miðað við fjölda Íslendinga á meðan fjölgunin verður í Reykjavík. Verður þjónusta skorin niður? Fækkar þingmönnum í kjördæminu?

„Samfélagið getur verið gott þótt við séum bara 11.000. Svæðisskipulag Austurlands gildir til 2044 og við höfum velt upp hvað við viljum vera mörg þá. Við getum myndað gott samfélag með sama fjölda og í dag en ég held að það geti orðið enn betra með að komast lengra.“

Ég held að við verðum að hlúa að þessu háskóla- og rannsóknauhverfi. Til dæmis þannig að nemendur komi hingað. Það er jákvætt að háskólanám sé að verða til á Hallormsstað. Á Egilsstöðum hefði ég haldið að æskilegt væri að draga saman þær stofnanir þar sem fólk sinnir rannsóknum eða er að miklu leyti háskólamenntað. Þær eru nokkrar þar en dreifðar. Þetta hefur lukkast mjög vel með Múlanum samvinnuhúsi í Neskaupstað. Þetta skapar dýnamík og nýsköpun.

„Helst er það í þéttbýlinu við Lagarfjót sem fjölgunin hefur verið stöðug allan tímann.“

Hver er Páll Baldursson?

Páll Baldursson er fæddur og uppalinn Breiðdælingur. Hann lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Hann starfaði sem sveitarstjóri Breiðdalshrepps á árunum 2006-2014 en er í dag verkefnastjóri hjá Austurbrú með áherslu á atvinnuþróun og byggðamál.



73,5%

1.889 milljónir króna

Fasteignagjöld greidd af A-hluta ríkissjóðs til höfuðborgarsvæðisins.

Tölur fyrir árið 2018, úr fyrirspurn á Alþingi

92,2%

51,4 milljarðar króna

Hlutur höfuðborgarsvæðisins í endurgreiðslum á skatti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.

0%

Hlutur Austurlands í endurgreiðslum á skatti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.

Tölur fyrir árin 2013-2022, úr fyrirspurn á Alþingi

23%

2,33 milljarðar króna

Veiðigjöld af Austurlandi.

17%

1,8 milljarðar króna

Veiðigjöld af höfuðborgarsvæðinu.

Inni í því eru gjöld Brims sem er með stóran hluta starfsemi sinnar á Vopnafirði.

Tölur frá Fiskistofu 2023

Fólk í dreifbýli þarf aðgang að menntun til að aðlagast breytingum



Elin Slätmö, rannsakandi hjá Nordregio

Líklegra er að íbúar í dreifbýli hafi áhyggjur af því að breytingar á atvinnuháttum sem miða að því að draga úr losun kolefnis hafi neikvæð áhrif á atvinnu þeirra. Elin Slätmö, rannsakandi hjá norrænu rannsóknarstofnuninni Nordregio, segir nauðsynlegt að yfirvöld hugi að því að tryggja að fólk í dreifbýli geti sótt sér menntun til að takast á við breytingarnar.

„Við erum að ganga í gegnum tvær byltingar sem krefjast nýrrar hæfni. Önnur er græn, hin stafræn. Bæði það fólk sem er á atvinnumarkaði og í skólakerfinu í dag þarf að aðlaga sig að breytingunum sem þeim fylgja,“ segir Elin. Stofnunin hélt í nóvember stóra ráðstefnu um áhrif grænna umskipta á Norðurlöndunum og þar var Elin með fyrirlestur þar sem hún velti því upp hvort fólk á vinnumarkaði í dreifbýli sitji eftir við þær breytingar.

Rannsóknir Nordregio hafa sýnt að 31% íbúa í dreifbýli á Norðurlöndunum hefur áhyggjur af því að störf tapist samhliða

því sem dregið er úr kolefnislosun í atvinnurekstri, samanborið við 22% þeirra sem búa í borgum. Á sama tíma virðast flest, 71%, gera sér grein fyrir að loftslagsbreytingar séu alvarlegt vandamál og um helmingur svarenda telur rétt að eyða meiri peningum í aðgerðir, jafnvel þótt það leiði til hærri skatta.

Menntakerfin hafa ekki verið sniðin að dreifbýlinu

Elin leggur áherslu á að til að bregðast við mögulegum neikvæðum áhrifum verði að tryggja menntun þannig að fólk geti



Verksmiðja Northvolt í Svíþjóð. Mynd: CC 2.0/Spisen

aðlagð sig að breytingunum. Þörf sé á því reyndar óháð umskiptunum í hagkerfinu.

„Því miður hafa hvorki menntakerfi Evrópu né Norðurlandanna verið sett þannig upp að þau henti dreifbýlinu. Það hefur verið lögð áhersla á akademískt nám á meðan oft hefur frekar verið þörf á verknámi. Yfirvöld verða að átta sig á þessu og bregðast við. Við sjáum þetta í ýmsum geirum, til dæmis vantar víða starfsfólk í heilbrigðisþjónustu í hinar dreifðu byggðir.

Áskorunin er að tryggja fólki aðgengi að

„Fólk í dreifbýli þarf oft að fara lengra til að sækja sér endurmenntun en það sem býr í borgum.“

námi. Fólk í dreifbýli þarf oft að fara lengra til að sækja sér endurmenntun en það sem býr í borgum. Þess vegna verður að tryggja námsframboð með fjarnámi, námsverum

eða möguleikum til að geta sótt nám meðfram vinnu. Eins má nefna leiðir til að tengja betur saman starfsþjálfun og nám í dreifbýli.

Við vitum að það þarf að grípa til aðgerða vegna loftslagsbreytinga og það er ekki hægt að halda rekstrinum óbreyttum. Hins vegar byggja mörg störf í dreifbýli á iðnaði, þar eru smiðir, rafvirkjar og fleiri sem þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum. Við erum komin á þann stað að fólk verður að geta fengið endurmenntun alla ævi.“

Hver á að hlaupa undir baggann?

Elin bendir á vandræði Northvolt í heimalandi hennar, Svíþjóð, sem dæmi um að hjálpa verði fólki til að takast á við breytingar í atvinnulífi. Fréttir af vandræðum Northvolt hafa borist til Íslands. Fyrirtækið var stofnað árið 2015 og átti að vera leiðandi í Evrópu í að framleiða batterí fyrir rafbíla. Það byggði upp stóra verksmiðju í Skellefteå, í norðaustur-Svíþjóð. Staðurinn er þekktur sem „gullbærinn“ fyrir gullnámur sínar og þar

hefur verið nokkur uppgangur eftir tilkomu verksmiðjunnar. En nú stendur til að segja upp 1600 af um 5000 starfsmönnum auk annarra aðgerða til að bjarga fyrirtækinu.

„Það er rætt um hver beri ábyrgð á fólkinu sem er að missa vinnuna og það er engin einföld lausn á því. Það hefur mikið verið lagt í verksmiðjuna og umgjörð hennar. Það er í takti við mikla fjárfestingu sem á sér stað í grænum iðnaði en í honum ríkir líka mikil samkeppni.

Ríkið, héraðið og sveitarfélagið eru að reyna að grípa til einhverra aðgerða, svo sem að ráða fólkið í vinnu, en þessir aðilar geta aldrei ráðið allt fólkið til sín. Margt af því flutti á staðinn til að vinna hjá Northvolt. Þarna verða fleiri að koma til með ólíkar lausnir, bæði fyrirtækið, stjórn málin og verkalyðsfélögin. Þetta sýnir þó að hlutirnir geta breyst og þess vegna þarf fólk að geta aflað sér nýrrar hæfni í gegnum lífið.

„Við erum komin á þann stað að fólk verður að geta fengið endurmenntun alla ævi.“

Það er líka rætt um hvaða áhættu sé rétt að taka, til dæmis með útgáfu leyfa fyrir starfsemi sem þessari. Hún hefur áhrif á bæði umhverfi og samfélag á stóru svæði. Þetta minnir okkur líka á að við verðum að geta nýtt mannvirki á sveigjanlegan hátt. Ef allt fer á versta veg þá mun standa eftir þarna auð bygging og þá er æskilegt að geta nýtt hana undir aðra starfsemi. Við erum að brjóta nýtt land undir verksmiðjur sem þessa og það verður að hugsa þá landnýtingu til enda.“

Dreifbýlið taki stjórn á eigin örlögum

Nordregio sinnir byggðarannsóknunum á öllum Norðurlöndunum. Í gegnum samstarfsaðila hérlendis hefur Elin því haft til skoðunar upplýsingar um íslenskan vinnumarkað. „Við sjáum að fólk skortir alls staðar til starfa í dreifbýli, þó kannski síst á Íslandi. Búferlaflutningar innanlands úr borgum í dreifbýli eru hvað mestir á Íslandi. Norðurlöndunum hefur gengið mjög illa þar. Við höfum líka séð á Íslandi að tekjudreifingin er frekar lítil, það er ekki mikið bil á milli atvinnutekna þorra fólks. Ísland hefur líka um margt verið leiðandi í að nýta þau tækifæri sem felast í fjarvinnu.

„Það skiptir máli að stjórn málamenn geri sér grein fyrir að atvinnumarkaðurinn er öðruvísi á þessum svæðum og að þeir móti stefnu sína eftir þeim.“

Ég vil líka vekja athygli á því sem stundum er kallað „silfurhagkerfið“. Við verðum að viðurkenna framlag eldra fólks til þjóðfélagsins, meðal annars í formi sjálfböðavinnu sem skiptir okkur máli. En það er líka hægt að ráða þau í vinnu og



Íbúar í dreifbýli eru líklegri til að óttast um að breytingar í hagkerfinu, vegna krafna um minnkandi kolefnislosun, hafi áhrif á lífbrauð þeirra.

viðurkenna þeirra reynslu og þekkingu og nýta þau til að þjálfa upp yngra fólk,“ segir hún.

Meðal samstarfsaðila Nordregio er Austurbrú en formlegt samkomulag þar um var undirritað í sumar. Fyrsta sameiginlega verkefnið er á sviði félagslegrar seiglu.

„Það sem ég hef heyrt um Austurland er dæmigert fyrir dreifbýli á Norðurlöndunum, þar sem eru stór og stöndug fyrirtæki í bland við einyrkja á borð við smiði eða bændur. Það skiptir máli að stjórn málamenn geri sér grein fyrir að atvinnumarkaðurinn er öðruvísi á þessum svæðum og að þeir móti stefnu sína eftir þeim. Við vitum að lífsstíll fólks í dreifbýli er annar, vegalengdir eru lengri en rétt eins og atvinnuhættirnar þá eru frístundirnar líka aðrar og mótast meðal annars af nálægð við náttúruna.

Við þekkjum líka þessa umræðu um að höfuðborgirnar haldi aftur af dreifbýlinu. Ég held það væri farsælla fyrir dreifbýlið

að snúa þessari umræðu við með að ræða og ákveða hvernig það sjái sína framtíð og umbreytingar frekar en að bíða eftir að einhver úr borginni segi þeim til verka.

Við sjáum líka ýmislegt í okkar rannsóknunum hvað skapar svæði þar sem fólk vill búa á. Þetta eru grunnþættir eins og samgöngur, sem skipta máli fyrir bæði vöru- og fólksflutninga, rafmagn, veitur, skóla, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Síðan koma hlutir sem gefa lífið lit, eins og menning og íþróttir. Til að halda því uppi geta verið ýmsar leiðir, bæði að nota skattfé ríkisins en síðan getur samfélagið lagt í púkk, til dæmis í gegnum félagasamtök.

Fyrir þessi svæði getur verið nauðsynlegt að skora hefðbundin gildi á hölm. Það þarf að brjóta niður staðalímyndir og taka vel á móti öllum þjóðfélagshópum.“

Hver er Elin Slätmo?

Elin lauk doktorsnámi í mannlegri landfræði frá Háskólanum í Gautaborg árið 2014. Rannsóknir hennar hafa meðal annars snúist um þrautseigju og þátttöku í samfélögum, orkuumskipti, sjálfbæra þróun og staðbundið stjórnskipulag..



Jón Þorvaldur Heiðarsson

Er það tilviljun að atvinnugreinar sem ekki eru stundaðar í Reykjavík fá á sig neikvæðan stimpil?

Tilkoma álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði breytti Austurlandi þótt íbúum fjölgaði ekki jafn mikið og vonast var eftir. Álverið byggir tilveru sína á rafmagni úr Kárahnjúkavirkjun. Hvort tveggja var mjög umdeilt á sínum tíma. Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor í hagfræði við Háskólann á Akureyri, segir að Íslendingar þurfi að ræða af mikilli alvöru þær auðlindir sem landið búi yfir og hvernig þær séu nýttar.

„Álverið breytti Austurlandi mikið. Því fylgdu mörg störf og umfang þótt íbúafjöldinn yxi ekki jafn mikið og björtustu vonir gerðu ráð fyrir. Það sem kom mér mest á óvart var að Egilsstaðir styrktust mest. Á Reyðarfirði fjölgaði auðvitað en annars staðar á fjórðunum fjölgaði minna en ég bjóst við. Það gekk líka verr að fá fólk til starfa en ég hélt. Þessi tími að fólk flytti bara fyrir gott starf virtist vera liðinn,“ segir Jón Þorvaldur.

Jón Þorvaldur Heiðarsson,
lektor við Háskólann á Akureyri.


Hann hefur í störfum sínum metið áhrif bæði samgöngubóta, orkuöflunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni, meðal annars Héraðsskóga, verksmiðju PCC á Bakka, Dynjandisvegur, einstakra virkjana og álvers Alcoa. Þegar hann er spurður út í hvers vegna fjölgunin hafi orðið mest á Egilsstöðum bendir hann á veðursæld staðarins, gróðursæld og þjónustu. „Skóglendið og fleira skapar tilfinninguna um veðursæld. Frá Egilsstöðum liggja vegir til allra átta. Þar er líka fjölbreyttasta þjónustan sem byggir á því sem þéttleiki fólks skapar, til dæmis mesta framboð mismunandi íþróttar fyrir börnin. Fjölbreytt þjónusta dregur að sér fólk og með fleira fólk er grundvöllur fyrir enn meiri þjónustu. Það verða nokkurs konar snjóboltaáhrif. Þegar fólk fjölgaði á Egilsstöðum skapaðist til dæmis grundvöllur fyrir fimleikahús.“

„Það sem kom mér mest á óvart var að Egilsstaðir styrktust mest.“

Lífsgæði á Íslandi byggja á útflutningi

Frá því í byrjun 20. aldar hefur fjölgað hægar á Austurlandi en á landinu í heild. Jón Þorvaldur segir að Reykjavík hafi orðið til með pólitískri ákvörðun um að flytja stofnanir af landsbyggðinni á einn stað til að búa til höfuðborg.

„Velsæld Íslendinga byggir á útflutningi. Við vorum ein fátækasta þjóð Evrópu í byrjun 19. aldar. Á síldarárunum vorum við hins vegar sum árin í hópi þeirra landa sem voru með hæstu landsframleiðslu á mann í Evrópu.“



Rafmagnssæstrengir í Evrópu. Kort frá 2022. Rauðir strengir eru í rekstri, grænir í smíði og bláir áformaðir. Mynd: Wikimedia Commons/JJ Messerly

„Í 30-40 ár höfðum við tvær útflutningsstoðir í okkar efnahagslífi, sem eru sjávarútvegur og stóriðja.“

Þegar sildin hvarf á sjöunda áratugnum var farið að spá í af mikilli alvöru að fá fleiri stoðir undir atvinnulíf og útflutning heldur en sjávarútveg. Þá var álverið í Straumsvík byggt, fyrsta stóriðjan. Búrfellsvirkjun, sú fyrsta á Þjórsársvæðinu, var gerð fyrir álverið. Í gegnum stóriðjuna höfum við selt

rafmagn og vinnuafli, þótt erlend fyrirtæki eigi hagnaðinn af framleiðslunni sjálfri. Þetta skref hjálpaði suðvesturhorninu til að halda áfram að vaxa.

Aðrir landshlutar treystu áfram á landbúnað og sjávarútveg. Landbúnaðurinn var á góðu róli. Á milli 1970-80 var uppgangur í landbúnaðarbæjum á borð við Akureyri, Blönduós, Selfoss og Egilsstaði. Á sama tíma bað nánast hvert sjávarpláss um skuttogara. Um 1980 strandaði þetta. Þá var orðin offramleiðsla í landbúnaði og ofveiði á fiskistofnum.

Í 30-40 ár höfðum við tvær útflutningsstoðir í okkar efnahagslífi, sem eru sjávarútvegur og stóriðja. Lengi var draumurinn sá að ferðaþjónustan gæti

orðið þriðja stöðin. Fyrir hrun vorum við alltaf að tala um hvað hitt og þetta gæti verið góð landkynning, við vildum draga að ferðamenn. Síðan gerist það nánast á einni nóttu eftir hrun að ferðaþjónustan varð stór og sterk. Þá loksins komu ný tækifæri utan suðvesturhornins og þróunin hefur verið sú að Suðurland hefur breyst mest af völdum ferðaþjónustunnar. Þótt ferðaþjónustan sé nokkuð öflug á Norðurlandi þá er hún langt á eftir Suðvesturhorninu og Suðurlandi og enn aftar er Austurland,“ segir Jón Þorvaldur.

„Sjávarútvegurinn hefur alltaf verið stór á suðvesturhorninu enda eru þar mjög gjöful fiskimið. Þess vegna er sjávarútvegurinn talinn vera góð atvinnugrein.“

Ræðst gildismatið af nærumhverfinu?

Á landsvísu er oft talað um að þekkingar- iðnaður sé orðin fjórða stöðin í efnahagslífinu. Útflutningur fyrirtækja á borð við Marel, Össur og CCP skiptir þjóðarþúíð töluvert miklu. En Jón Þorvaldur bendir á að verðmætasköpun í fiskeldi aukist hratt. Samkvæmt gögnum úr Radarnum – mælaborði sjávarútvegsins var útflutningsverðmæti eldisafurða um 50 milljarðar króna árið 2022 og flutt voru út rúmlega 43.000 tonn. Sama ár var óvenju stór loðnuvertíð. Flutt voru út um 150.000 tonn af loðnuafurðum sem skiluðu 51,3 milljörðum króna.

„Fiskeldið er grein sem er stunduð utan höfuðborgarsvæðisins. Við skilgreindum



Síldarsöltun á Sæsilfursbryggjuni í Neskaupstað. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands

fríðunarsvæði til að vernda villta laxastofna og bönnuðum þar með sjókvíaldi á stórum hluta landsins. Vestfirðir hafa verið opnir, hluti Austfjarða og Eyjafjörður, þótt ekkert hafi gerst á síðastnefnda svæðinu.

Sjávarútvegur er okkur inngróinn og við viðurkennum öll mikilvægi hans. Enginn minnst á að við eigum að hætta veiðum vegna umhverfisáhrifa heldur er deilt um hver noti auðlindirnar og hvernig ágóðanum sé skipt. Sjávarútvegurinn hefur alltaf verið stór á suðvesturhorninu enda eru þar mjög gjöful fiskimið. Þess vegna er sjávarútvegurinn talinn vera góð atvinnugrein. Ferðaþjónustan kemur eiginlega öll í gegnum suðvesturhornið og hefur ekki mikið verið töluð niður.

Síðan kemur stóriðjan. Það þótti gott að vinna í álverunum í Straumsvík eða á Grundartanga. Þegar áformin voru kynnt fyrir austan fannst mér umræðan færast yfir í að þetta væri vond atvinnugrein. Það var sagt að enginn myndi vilja vinna í ógeðslegu og skítugu álveri. Þarna er reyndar spurningin hvort virkjunin hafi

„Hvað hefði gerst ef Faxaflói hefði verið eini staðurinn fyrir fiskeldi á Íslandi og þar hefði orðið til mikil verðmætasköpun og fullt af störfum?“

gert álverið vont. Kárahnjúkavirkjun hafði mikil umhverfisáhrif og því skiljanlegt að barist væri á móti henni. Það kann að hafa smitast yfir á álverið.

En það má spyrja að því hvort það sé tilviljun að greinar sem ekki eru stundaðar á suðvesturhorninu fái á sig þessa neikvæðu stimpla. Þar er mest andstaða við fiskeldi og virkjanir. Hvað hefði gerst ef Faxaflói hefði verið eini staðurinn fyrir fiskeldi á Íslandi og þar hefði orðið til mikil verðmætasköpun og

fullt af störfum? Það er gjarnan þannig að þeir sem ráða umræðunni tala um málefnið út frá eigin sjónarhóli og skynja betur hvað er efnahagslega jákvætt fyrir þeirra eigin samfélag. Reykvikingar finna ekki beint fyrir þessum miklu verðmætum sem fiskeldið skapar og þar með verður auðveldara að skjóta það niður. Ég held að gildismat okkar ráðist mikið af því atvinnulífi og umhverfi sem við erum í.

Við megum ekki gleyma því að þrátt fyrir uppbyggingu þekkingariðnaðar þá eru frumframleiðslugreinar oft mikilvægari undirstaða í þróuðum samfélögum en við gerum okkur grein fyrir, samanber skógarhögg í Noregi og Finnlandi.“



Frá byggingu Kárahnjúkavirkjunar í maí 2006. Framkvæmdin var umdeild enda voru umhverfisáhrifin gríðarleg.

Hvaða aðgerðir skipta mestu á heimsvísu?

Jón Þorvaldur bætir þó við að ýmislegt kunni að hafa áhrif á þetta gildismat. Til dæmis hefur vitund og þekking á umhverfismálum aukist mjög síðustu áratugi. Hann segir þó að umræðan um umhverfisvernd og orkumál geti oft verið öfugsnúin.

„Væri okkar framlag í formi 130 TWh af grænni orku eitthvað sem skipti heiminn máli?“

„Ef við horfum á okkur Jarðarbúa og heiminn sem heild þá blasir við sú staðreynd að við þurfum að hætta að brenna jarðefnaeldsneyti og snúa okkur að grænni orku. Það þýðir að við ættum að framleiða meira af henni hér og selja hana

annað hvort til iðnaðar sem er stundaður hér eða með sæstreng til Evrópu.

Minnkandi líffræðilegur fjölbreytileiki og útrýming tegunda er annað heimsvandamál. Þar er eyðing frumskóganna mesta ógnin. Skógarnir eru ruddir til landbúnaðar, meðal annars til að framleiða fóður fyrir sívaxandi nautakjötsframleiðslu þar sem 20-30

kg þarf af fódri fyrir hvert kíló af afurð. Auðvitað er best fyrir jörðina að við borðum sem mest jurtafæðu en ef einstaklingur vill borða vöðva af dýri þá er fiskeldið hvað besti kosturinn þar sem þarf rétt rúmt 1 kg af fódri til að framleiða 1 kg af holdi.“

Vindorkan getur falið í sér mikla auðlegð

Orkumál eru víða rædd í samfélaginu af miklum hita. Á þingi ASÍ í október var felld ályktun um aukningu grænnar orku til að ýta undir fjölgun starfa um allt land. Jón Þorvaldur útskýrir að Íslendingar hafi tæknilega séð flutt út orku, með því að selja hana til erlendra aðila sem komi upp starfsemi hérlandis eins og álverunum. Að undanfögnu hefur þrengis um á raforkumarkaði, fiskimjólsværsmiðjur hafa brennt olíu því ekki hefur verið til nægt rafmagn í landinu þegar þær þurfa. Þá er spurning hvert framhaldið er. Meðal annars er tekist á um hvaða orkugjafa eigi að beisla.

„Það er mikilvægt að þjóðin njóti þessa gróða á einhvern hátt.“

„Spurningin er hversu langt við viljum ganga og hvernig við viljum nýta þá orku sem kæmi til viðbótar ef við virkjuðum meira. Við getum haldið áfram með vatnsorkuna en við byrjuðum á þeim virkjunum sem voru auðveldastar og hagkvæmastar og ullu minnstu raski. Reykjavík var rafvædd með virkjun Sogsins þar sem rennslið er jafnt og Þingvallavatn er nánast náttúrulegt miðlunarlón.

Ég hef verið að skoða hvað við gætum framleitt mikið rafmagn á hvern ferkílómetra með vindorku. Ef við tækjum 10% landsins undir vindmyllur, sem er

mjög mikið en ekki útilokað í stóru landi með fáa íbúa, þá gætum við framleitt a.m.k. 150 TWh á ári. Nú framleiðum við um 20 TWh. Það hefur verið rætt um að við þyrftum kannski aðrar 20 TWh til viðbótar næstu áratugi en þá stæðu eftir 130 TWh.

Þá kviknar sú spurning hvort það skipti einhverju máli í stóra samhenginu. Væri okkar framlag í formi 130 TWh af grænni orku eitthvað sem skipti heiminn máli? Svarið er já. Slík orka myndi duga fyrir um 20 milljónir Þjóðverja, fjölmennustu þjóð Evrópu, fyrir heimili, iðnað og annað. Þótt mun minna hlutfall af landinu yrði nýtt undir vindmyllur getur verið mikil auðlegð falin í vindorkunni.

Í Evrópu er að verða gjörbreyting á orkuöflun. Áður fyrir var hvert land með sitt kerfi og brenndi kolum, sem er orkuframleiðsla sem ræður vel við sveiflur í notkun. Um þessar mundir, þegar sífellt stærri hluti raforkuframleiðslu Evrópu er með vindi, er álfan öll að tengjast, meðal annars með sæstrengjum, því þegar rok er í Póllandi getur verið logn í Bretlandi. Viking Link er strengur sem nýlega var lagður frá Danmörku til Bretlands til að flytja raforku. Hann er lengsti sæstrengur heims, 765 km langur. Það slagar upp í þá 1000 km sem eru á milli Íslands og Skotlands. Til að selja okkar orku þyrftum við að tengjast sæstrengjaneti Evrópu eða hafa notandann á Íslandi. Til að flytja út tugi TWh af rafmagni til Evrópu með sæstrengjum þyrfti marga strengi frá Íslandi, ekki bara einn.

Spurning er hvort við eigum að taka þátt í þessum tengingum. Það myndi hækka raforkuverð hérlendis en á móti

„Tenging við Evrópu er eina fullkomna leiðin til að jafna sveiflurnar.“



Fáskrúðsfjarðargöng skipta miklu máli fyrir tengingar á milli byggðarlaga á Austfjörðum.

„Við að stytta vegalengd á milli til dæmis tveggja bæja úr 20 km í 10 fimmfaldast samskiptin.“

er reyndar hægt að láta aukinn hagnað raforkuframleiðenda fara að einhverju leiti beint til landsmanna.

Það er mikilvægt að þjóðin njóti þessa gróða á einhvern hátt. Þess vegna get ég tekið undir gagnrýni á vindorkuáform um að ekki sé búið að ákveða lagaumhverfið, hvort við ætlum að virkja vindinn með opinberum hætti eins og við höfum gert með vatnsaflíð eða hvort þetta eigi að verða einkadriðin orkuframleiðsla.“

Önnur gagnrýni á vindorkuna er að sveiflur í henni kalli á nýjar vatnsaflsvirkjanir til að tryggja stöðuga orkuöflun. „Tenging við Evrópu er eina fullkomna leiðin til að jafna sveiflurnar.

Annar möguleiki væri að byggja verksmiðjur sem hægt væri að keyra niður þegar vindinn lægir en ég spyr mig hver fjárfesti í verksmiðju sem mögulega sé rekin á töluvert skertum afköstum.

Einn af kostum vindorkunnar hérlendis er að það er sjaldnast logn um allt land. Hún getur unnið vel með vatnsorkunni upp að vissu marki, mesta vatnsrennslið er á sumrin en á veturna blæs vindurinn. Þarna eru miklir möguleikar og því verður vindorkuöflunin eitt af viðfangsefnum framtíðarinnar.“

Mikill ábati af styttingu vega

Eins og fyrir segir hefur Jón Þorvaldur komið að útreikningum á ábata ýmissa samgöngubóta hérlendis svo sem beins millilandaflegs frá Akureyri, Héðinsfjarðarganga og Vaðlaheiðarganga.

„Að stytta vegalengdir á milli tveggja staða hefur lygileg áhrif í samskiptum, hvort sem það eru til dæmis viðskipti með vörur, aðsókn á menningarviðburði eða einfaldlega að fólk hittist. Við að stytta vegalengd á milli til dæmis tveggja bæja úr 20 km í 10 fimmfaldast samskiptin.

Stytting vegalengda stækkar atvinnu- og þjónustuvæði þannig að fyrirtæki geta valið úr stærri vinnumarkaði og því er líklegra að þau fái hæft starfsfólki um leið og sennilegra er að fólk finni starf sem hentar því.

Ég hef verið að skoða hvernig hægt sé að stytta leiðir frekar innan Norðurlands en líka rætt um hvernig Kjalvegur myndi opna nýja möguleika með beinum samskiptum á milli Norður- og Suðurlands.

Austurland yrði betri búsetukostur ef við gætum þjappað því saman. Þar hafa verið stigin ákveðin skref. Fáskrúðsfjarðargöng færðu Fáskrúðsfjörð nær mið-Austurlandi. Ég tel mikilvægt að ráðast í hringtengingu mið-Austurlands með göngum. Í mínum huga skiptir ekki megin máli hvort byrjað er á leiðinni á milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með tengingu um Mjóafjörð eða Fjarðarheiðargöngum, bara ef þau koma hver á eftir öðrum. Hringurinn hefur þann kost umfram T-göngin (þar sem göng frá Egilsstöðum til Mjóafjarðar koma í stað Fjarðarheiðarganga) að Seyðisfjörður verður á hringnum, en ekki endastöð, mun styttra verður á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar sem og að styttingin verður 2 km meiri á milli Egilsstaða og Neskaupstaðar.“

„Austurland yrði betri búsetukostur ef við gætum þjappað því saman.“

Rangt vaxtastig utan suðvesturhornsins

Vaxtastigið í landinu er annað mál sem Jón Þorvaldur telur að standi atvinnulífi og þar með íbúapróun á landsbyggðinni fyrir þrifum. „Við búum við háa vexti í landinu



Útflutningsverðmæti fiskeldisafurða árið 2022 nam 50 milljörðum króna.

vegna uppgangs á suðvesturhorninu en önnur svæði hafa verið á röngu vaxtastigi í 30-40 ár. Þegar hægðist á landbúnaði og sjávarútvegi upp úr 1980 hefði þurft lægri vexti á ákveðnum svæðum til að örva atvinnulífið þar.

Á höfuðborgarsvæðinu er gróska í nýsköpun og atvinnulífi sem þýðir að fólk flyst þangað annars staðar frá sem skapar eftirspurn og þar með þrýsting í hagkerfinu og verðbólgu sem Seðlabankinn bregst við með því að hækka vexti. Við erum dæmd til að vera á vaxtastigi höfuðborgarsvæðisins því efnahagslífið þar vegur svo þungt.

Það má spyrja hvaða áhrif það hefði fyrir Austurland að Ísland skipti krónunni út fyrir evru. Hversu mörg verkefni sem ekki eru arðbær í dag vegna fjármagnskostnaðar yrðu þá arðbær? Að þessu má jafnvel spyrja fyrir höfuðborgarsvæðið líka.“

Mismunandi forystustaðir sköpuðu líklega ríg

Þegar talið berst að íbúapróun á Austurlandi nefnir Jón Þorvaldur að þéttbýli hafi þróast þar með öðrum hætti

„Það má spyrja hvaða áhrif það hefði fyrir Austurland að Ísland skipti krónunni út fyrir evru.“

en víða annars staðar. Á meðan Akureyri hafi verið óumdeildur miðpunktur Norðurlands og Ísafjörður á Vestfjörðum hafi einstakir staðir á Austurlandi skipst á forystuhlutverkinu.

„Í lok 19. aldar var Eskifjörður stærstur t.d. með prentsmiðju og þjónustu. Síðan komu Norðmenn til að veiða síld á Seyðisfirði og þar varð mikill uppgangur þar til hún hvarf. Þá var komin af stað þróun í Neskaupstað sem átti mjög sterka leiðtoga. Áður fyrr var líka sjórinn hringvegurinn, það var siglt í kringum landið og komið við á hverjum stað en það breyttist með vegasamgöngum og Norðfjörður varð þá endastöð.

Egilsstaðir uxu sem landbúnaðarþær

eftir seinna stríð en breyttust smám saman í almenna þjónustumiðju fyrir Austurland. Um 1990 voru þeir orðnir stærsti staður Austurlands og hafa síðan frekar aukið forskot sitt bæði hvað varðar íbúafjölda og þjónustu. Ég held að sú staðreynd að forystuhlutverkið hafi gengið á milli fjögurra staða hafi skilið eftir særindi og meiri rígg en annars staðar.“

Þolmörk samgöngukerfis borgarinnar

Eins og fleiri viðmælendur okkar telur Jón Þorvaldur að hagur dreifbýlissvæða umfram borgir sé að mörgu leyti að


vænkast. Viðhorf til fjarvinnu gerbreyttist í Covid-faraldrinum.

„Það hefur verið hagkvæmt að stækka borgir. Þar er gott að reka fyrirtæki því það er einfalt aðgengi að fjölbreyttu vinnuafli. Á einhverjum tímamarki springur hins vegar samgöngukerfi borgarinnar.

„Á einhverjum tímamarki springur samgöngukerfi borgarinnar.“

Erlendis hefur það verið leyst með neðanjarðarlestarakerfum, sem eru mjög dýr. Yfirleitt borga sveitarfélögin þau en héraendis gerir höfuðborgarsvæðið kröfu um tugi milljarða frá ríkinu til að bæta sitt samgöngukerfi.

Í staðinn mætti spyrja hvort ekki væri hagkvæmara að íbúafjöldunin yrði utan höfuðborgarsvæðisins. Það myndaðist ekki umferðaröngþveiti á Egilsstöðum þótt þar byggju 6000 manns. Ég á von á að fólk fjölgi áfram héraendis því fólk úr Evrópu sækist eftir því að setjast hér að. Lífskjörin eru góð þótt alltaf geti orðið bakslag í atvinnulífi og húsnæði sé takmarkað.“



Hver er Jón Þorvaldur Heiðarsson?

Jón Þorvaldur er lektor við Háskólann á Akureyri. Jón nam eðlisfræði við HÍ og útskrifaðist árið 1994 og svo árið 2004 með meistarapróf í hagfræði frá Háskóla Íslands. Meðal rannsókna hans eru Samskipti fólks um Héðinsfjarðargöng: Umferð og samanburður við umferðarspá, Samfélagsleg þýðing sauðfjárbúskapar og Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi og tekjur ímyndaðs „Norðausturríkis“.





Gréta Bergrún
Jóhannesdóttir

Kvóti er alltaf fyrsta hugmyndin til að bjarga byggðarlaginu

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur við Rannsóknasetur byggða- og sveitarstjórnarmála við Háskólann á Bifröst.

Áföll úr atvinnulífi geta erfst innan byggðarlaga rétt eins sálræn áföll virðast erfast innan fjölskyldna. Ef stórt fyrirtæki hverfur úr byggðarlagi tekur tíma að byggja aftur upp trú á framtíð staðarins. Þess vegna er mikilvægt að horfa til fjölbreytni í atvinnulífi og samfélagi, segir Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, doktor í félagsfræði og sérfræðingur við Rannsóknasetur byggða- og sveitarstjórnarmála við Háskólann á Bifröst.

„Þegar við ræðum um mannfjölda miðum við gjarnan við blómatímabil smáþorpanna í kringum 1980 en það verður að skoða samhengið. Hér á Þórshöfn talar fólk um að það hafi verið svo mörg börn í skólanum en þá voru 5-6 börn í hverju húsi. Í dag erum við undir tveimur börnum á hverja konu. Á þessum tíma nýtur enn við fólksfölgun eftirstriðsáranna, fólk eignaðist enn mörg börn en heilbrigðisþjónusta var orðin betri þannig að fleiri komust á legg,“ segir Gréta Bergrún þegar við byrjum að ræða þróun fólksfjölda í dreifbýli Íslands.

Við veltum fyrir okkur samspili

mannfjöldaþróunar og breytinga í iðnaði. Hvort þróunin byggir á stærri fyrirtækjum í byggðarlagi eða hvort hægt sé að skjóta stöðum undir það með mörgum smærri. „Ég held að þetta sé gerlegt. Þetta byggir á brauðmolakenningu um stórt fyrirtæki sem myndar kjölfestu sem önnur hagnast á. En við höfum séð að við þurfum ekki alltaf að hafa öll egginn í sömu körfunni. Fyrir 15 árum hefðum við hlegið að því að ferðaþjónustan tæki fram úr sjávarútveginum en það er samt að gerast. Enn skortir okkur trúna á að menning og listir geti gert slíkt hið sama. Samkvæmt

nýrri skýrslu um framlag skapandi greina til verðmætasköpunar er beint framlag þeirra til landsframleiðslunnar 150 milljarðar króna, sem er ekki fjarri sjávarútveginum. Við verðum hins vegar að hafa trú á þessu.

„Fyrir 15 árum hefðum við hlegið að því að ferðapjónustan tæki fram úr sjávarútveginum en það er samt að gerast. Enn skortir okkur trúna á að menning og listir geti gert slíkt hið sama.“

Við erum föst í að leiðin til að bjarga samfélaginu byggji aldrei á mennta- og menningarstarfsemi. Fyrsta hugmyndin er alltaf að fá kvóta. Sú lausn er í sjálfsú sér góð en staðreyndin er sú að það eru ekki endilega margar fjölskyldur að baki hverjum smábát. Hér á Þórshöfn byggir atvinna mikið á sjávarútvegi en það er ekki kallað eftir hóteli – en af hverju ekki? Það væri fróðlegt að vita hvað þessar tvær leiðir myndu skapa af störfum.

Við hugsum fyrst um karllægar greinar því við lítum enn svo á að karlinn eigi að vera fyrirvinnan og þurfi þess vegna vel launaða vinnu. Að sama skapi erum við líka föst í að þetta séu karlastörf. Við þurfum að kynna betur fyrir konum möguleika í ýmsum greinum. Ég held að það hafi að mörgu leyti tekist ágætlega í bæði álverinu og fiskeldinu. Alcoa Fjarðaál hefur verið með markvissar áætlanir um að bjóða öll kyn velkomin og það hefur skipt máli.“



Frá Þórshöfn á Langanesi, þaðan sem Gréta Bergrún vinnur.

„Við hugsum fyrst um karllægar greinar því við lítum enn svo á að karlinn eigi að vera fyrirvinnan og þurfi þess vegna vel launaða vinnu.“

Af hverju er meiri gleði á Hvammstanga en á Blönduósi?

Gréta Bergrún bendir líka á vandamál sem geta fylgt stórum atvinnuveitanda í byggðarlagi. „Þetta getur orðið eins og slæmt hjónaband þar sem myndast valdaójafnvægi á milli stóra fyrirtækisins og samfélagsins. Fyrirtækið getur nýtt sér það með að hóta að loka ef það fær ekki það sem það vill, til dæmis nýtt deiliskipulag. Við þekkjum allveg slík dæmi hérlendis.“

Hún segir að byggðarlög geti nálgast sína uppbyggingu frá mismunandi áttum og vísar til nýrrar skýrslu Rannsóknasetursins á Bifröst sem kallast „Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum.“ Í rannsókninni var rýnt í samfélagsþætti í Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnaþingi til að bera saman ánægju í þessum þremur samliggjandi byggðarlögum þar sem Búðardalur, Hvammstangi og Blönduós eru lykilstaðirnir. Horft var í þætti eins og hamingju, stolt, ánægju með sveitarfélag, en líka þætti eins og þátttöku í samfélaginu

„Þetta getur orðið eins og slæmt hjónaband þar sem myndast valdaójafnvægi á milli stóra fyrirtækisins og samfélagsins.“

með að mæta á viðburði eða taka þátt í skipulögðu félagsstarfi. Alla jafna kom Húnaþing vestra best út.

„Hvammstangi hefur enn sitt Kaupfélag en hinir tveir staðirnir hafa misst stóra aðila. Þau áföll virðast sitja í byggðarlögunum.



Frystihúsið á Stöðvarfirði árið 1996. Þá rekið af Gunnarstindi. Í myndatexta segir að reksturinn hafi verið erfiður það ár. Það hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga sem Sköpunarmiðstöð en áfallið af brotthvarfi frystihússins virðist enn sitja í samfélaginu. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Austri

„Stundum fer svo mikil athygli í að halda stóra aðilanum góðum að heimamaðurinn gleymist.“

Ég var eitt sinn að vinna rannsókn á Austfjörðum og átti leið um Stöðvarfjörð. Þar fékk ég að heyra að Samherji hafði farið með kvótann – fyrir 20 árum. Það situr oft í þessum byggðarlögum að allt gæti farið aftur á morgun og við erum dugleg að láta þau áföll erfast á milli kynslóða. Við verðum að hugsa um hvernig við komum tiltrúnni á samfélagið áfram. Ef við erum sífellt að segja þetta við unga fólkið þá ákveður það að binda sig ekki um of.

Ef byggðarlög eiga sjálf sínar bjargir þá kemur sjálfstraust í sveitarfélagið. Á einum fyrirlestrinum okkar var bent á að Hvammstangi hefði aldrei átt þingmann. Þar hefur fólk því ekki beðið eftir að annar reddi hlutunum fyrir það. Í Húnaþingi

vestra sjáum til dæmis að menningarlíf er sterkara og konur þar eru ánægðari. Þetta hefur áhrif á að halda að einhver annar hafi það betra eða að það sé allt að fara til fjandans.

Á Djúpavogi var bökuð kaka og haldið upp á að samfélagið héldi enn velli ári eftir að Visir fór. Stundum fer svo mikil athygli í að halda stóra aðilanum góðum að heimamaðurinn gleymist. Ef sveitarfélagið sjálf gefur nýsköpunarfyrirtækjunum ekki gaum þá gefst fólk upp.“

Getum nýtt náttúruna án þess að tæma hana

Gréta segir mikilvægt fyrir samfélög að vera vakandi fyrir fjölbreyttum tækifærum og hún segir mikla grósku vera á Austurlandi. „Við tölum stundum um hvað eru mörg störf í stóriðnaði en þegar við teljum hin

saman þá eru þau býsna mörg. Við megum nýta náttúruna á annan hátt en að tæma hana. Á Austurlandi er menningarlífið fjölbreytt og matarmenningin líka, eins og við sjáum til dæmis á Jólakettinum (Barramarkaðinum). Við sækjum oft sögusöfn þegar við förum til útlanda en höfum ekki endilega gert mikið með sögunum hér. Oft finnst öðrum það merkilegt sem við heimafólkið horfum ekki á.

Ég ætla ekki að segja að hægt sé að byggja upp nýtt samfélag án stórrar kjölfestu en þó er hægt að halda uppi samfélagi á fleiri vegu. Til þess þarf að vera opin fyrir öllum leiðum. Á móti getur verið að brotin samfélög samþykki hvað sem er og gagnrýni er ekki leyfð. Við vitum að fólk sem gagnrýndi Kárahnjúkavirkjun á uppbyggingartímanum var nánast gert útlægt.

„Ég ætla ekki að segja að hægt sé að byggja upp nýtt samfélag án stórrar kjölfestu en þó er hægt að halda uppi samfélagi á fleiri vegu.“

Það er aldrei þannig að ekkert sé óumdeilt. Við kunnum okkur oft ekki hóf og ég man eftir viðtali í atvinnurannsókn á Húsavík þar sem gamall sjómaður velti fyrir sér hraðri uppbyggingu hótela og spurði hvort hótelin ættu eftir að enda eins og skuttogararnir, það yrði eitt í hverju byggðarlögu sem stæðu síðan eftir tóm. Þarna höfum við bæði dæmi um að áfallið situr í honum en líka áminningu um að uppbyggingin þarf að vera skynsamleg. Við þurfum að vinna saman og við þekkjum oft að á milli sveitarfélaga er innbyrðis samkeppni um fólkið.“



Jákvæðari bragur var á samfélaginu á Hvammstanga en nágrannabyggðum samkvæmt rannsókn sem gerð var.

„Ég missti það einhvern tíma út úr mér á fundi um atvinnumál og nýsköpun að skortur á atvinnulausu fólki væri vandamál og einhver lagði strax til að reka mig!“

Fólk þarf tíma í nýsköpun

Hún kemur líka inn á að góður jarðvegur þurfi að vera fyrir nýsköpun í samfélaginu. „Ég held að það standi okkur stundum fyrir þrifum að allir sem vilja vinna hafa vinnu og nóg að gera. Ég missti það einhvern tíma út úr mér á fundi um atvinnumál og nýsköpun að skortur á atvinnulausu fólki væri vandamál og einhver lagði strax til að reka mig, sem vakti kátínu. Staðreyndin er

þó sú að eftir hrun varð mikil nýsköpun. Fólk hafði tíma og pláss til að hugsa. Það sama sáum við á Covid-tímanum.

Síðan þarf að vera til jarðvegur fyrir þá einstaklinga sem hugsa öðruvísi. Minni atvinnuþróunarsjóðir skipta miklu máli. Við sjáum að fleiri konur sækja í þá og þær eru oft í þessum verkefnum sem snúast um menningu.“

Gréta Bergrún ítrekar að menningin fyrirfinnst í ýmsum formum. „Við erum stundum föst í að hún sé í einhverri stofnun en í mínum huga er til dæmis réttarhelgin hér ein stærsta menningarhelgi ársins. Við erum ekki alltaf nógu dugleg í að átta okkur á hve mikil menning felst í litlu hlutunum og í þeim athöfnum sem við stundum dagsdaglega. Það er þreytandi að tala alltaf um leikhús og bío, þegar raunin er sú að það er iðandi menning í landsbyggð Íslands. Við verðum of upptekin við að horfa á stóra bróður frekar en að eyða orkunni í hvað við getum gert til að bæta okkar samfélag.

Að því sögðu þá snýst þetta líka um sanngirni og að við verðum að fá eitthvað til baka af því sem við skilum í ríkiskassann.“

Er hlustað á unga fólkið?

Sérstaklega nú á tímum er það fleira en atvinnan sem ræður því hvar fólk velur sér búsetu. „Ef atvinnulífið er einhæft þá fáum við einhæft fólk í samfélagið. Í kringum Hvammstanga sjáum við að sterkt menningarlíf og samheldni skiptir máli. Við gleymum oft að huga að unga fólkinu. Ég get nefnt dæmi hér úr Langanesbyggð



Frá Druslugöngu á Bræðslunni á Borgarfirði sumarið 2023. Gréta Bergrún segir samfélagsleg vandamál í minni byggðarlögum ekki hverfa ef ekki er talað um þau.

„Ánægð ungmenni eru mun líklegri til að skila sér heim aftur.“

Þar sem ungmenni hafa barist árum saman fyrir almennilegu húsnæði fyrir félagsmiðstöðina. Það var byggt en bókasafnið var flutt þangað inn. Þau hafa sent inn erindi og talað við sveitarstjórnina en ekkert gerist. Þetta hljómar kannski smámál en ætti að vera stórt því ánægð ungmenni eru mun líklegri til að skila sér heim aftur. Þess vegna þarf líka að hlúa vel að fjölskyldufólki, oft þarf bara góða leik- og grunnskóla til að fólk komi.

Hjá sveitarstjórninni fer oft mikill tími í að tala um kvótann eða deiliskipulagið fyrir stórfyrirtækið. Það er flott að krakkarnir tali á ungmennþingi en hvað er svo gert við niðurstöður þess?“

Útilokun einhleypra kvenna

Gréta Bergrún lauk við doktorsritgerð sína í sumar en hún fjallar um slúður í litlum samfélögum og áhrif þess á ungar konur, meðal annars með tilliti til búferlaflutninga.

„Við erum enn föst í mýtum um kynfrelsi kvenna. Við köllum konuna sem hélt við gifta manninn hjónadjöful en hann sleppur.“

Meðan við höldum þessu áfram eiga einhleypar konur erfðara um vik í þessum litlu samfélögum. Í þeim ríkir mikil paramenning sem veldur ákveðinni útilokun á meðal kvennanna. Giftir menn reyna við þær og þá er lausnin að halda þeim í burtu. Þeir fá ekki druslustimpillinn á sig. Ábyrgðin er sett á konuna og látið að því liggja að hann standi ekki í framhjáaldi nema af því að hún hafði gefið honum undir fótinn.

Útkoman af svona slúðri verður sú að konur stunda forðun í samkvæmislífinu í



Frá Melarétt í Fljótsdal. Gréta Bergrún segir mikla menningu vera falda í daglegu lífi fólks á landsbyggðinni.

„Við köllum konuna sem hélt við gifta manninn hjónadjöful en hann sleppur.“

minni byggðarlögum. Með forðun er átt við að þú hagar þér ekki eins og þú myndir annars gera. Sjómannsfrúin á ekki að fara ein út að skemmta sér þegar maðurinn hennar er ekki í landi, það er allavega fylgst vel með henni ef hún er of dugleg við það. Við látum konurnar bera ábyrgðina og skömmina – og ef hún þolir ekki slúðrið eða skömmina þá flytur hún burt. Í stóra samfélaginu mætti losna með því að skipta um vinnu eða flytja milli hverfa en þarna eru ekki aðrir kostir.“

Of dugleg að muna

Það eru líka fleiri sagnir sem ganga á milli kynslóða heldur en um fyrirtækið sem fór. „Ungt fólk á ekki að þurfa að bera syndir feðranna en við erum mjög dugleg

að muna. Orðsporið erfist oft á milli kynslóðanna sem þýðir að 18 ára gamall einstaklingur heldur út í lífið með það sem ég kalla kynslóðaregnhlíf. Hún getur verið góð eða slæm. Einn nýtur góðs af því að foreldrar hans áttu fyrirtæki og lögðu til samfélagsins á meðan annar á ekki séns því afi hans var þjófur. Ungu fólkíð finnur fyrir þessu og fær ekki frelsi til að móta sinn persónuleika óháð fjölskyldunni. Þetta er ákveðið félagslegt mein hvernig við leyfum okkur að tala um og meta fólk eftir fjölskyldutengslum.

Fólk man og það talar. Það er erfitt og ósannjarnt að tala um unga stelpu út frá

„Við erum ekki alltaf nógu dugleg í að átta okkur á hve mikil menning felst í litlu hlutunum og í þeim athöfnum sem við stundum dagsdaglega.“

„Við látum konurnar bera ábyrgðina og skömmina – og ef hún þolir ekki slúðrið eða skömmina þá flytur hún burt.“

Því hvernig mamma hennar hagaði sér, já eða sagan segir að hún hafi hagað sér. Karlmenn geta fengið á sig aumingjastimpil fyrir að hafa ekki verið nógu duglegir í vinnu þegar þeir voru 19 ára. Þeir eru kannski orðnir fertugir og komnir á allt annan stað í lífinu en eru enn með stimpilinn.“

Ýtiafl dreifbýlis

Það er því ekki svo einfalt að höfuðborgin sé alltaf að vinna gegn landsbyggðinni. Samfélagið í dreifbýlinu er stundum sinn versti óvinur. „Það er oft talað um togkraft höfuðborgarinnar en ég hef meira skoðað og talað um ýtiafl dreifbýlisins. Við getum verið mjög dómhörð á þau sem stíga út fyrir hegðunarramma samfélagsins meðan það fólk getur frekar horfið í fjöldann í borginni.“

Við þekkjum það eftir #MeToo-byltinguna að vandamálin lagast ekki

ef ekki má tala um þau. Ef við segjum ekki að í okkar litla samfélagi sé eitthvað sem þarf að laga þá lagast það ekki. Ég talaði í minni rannsókn við konur sem búa í höfuðborginni og aðrar sem hafa flutt frá litlum þorpum, meðal annars á Austurlandi. Sumar telja sig ekki eiga afturkvæmt vegna þess stimpils sem er á þeim. Drusluuppnefnin eru hverfandi en þau eru ekki horfin, og þar kemur þetta aftur með að fólk man.

Ég upplifi ekki endilega að við séum með mjög stífar samfélagsreglur. Að mörgu leyti erum við frjálst en það er aðeins breytilegt og við töpum fjölbreytileikanum ef reglurnar eru mjög strangar. Þegar ég tala um rannsóknina erlendis er ég spurð um hvort samkynhneigð eða trú komi ekki upp en um það er okkur alveg sama. Á móti er fólk farið að lifa í opnara sambandsformi

„Við getum verið mjög dómhörð á þau sem stíga út fyrir hegðunarramma samfélagsins meðan það fólk getur frekar horfið í fjöldann í borginni.“

en það er ekki mikið svigrúm til þess í litlu samfélagnum, það skapar slúður og umræðu. Þarna er þó mikið til um einkamál fólks að ræða.

Íhaldssamari kynjahlutverk í minni samfélagum

Gréta Bergrún nefnir líka að kynjahlutverkin séu oft hefðbundnari í minni sveitarfélögum sem aftur hamli ýmsum möguleikum kvenna. „Jafnrétti fer gjarnan hægar í minni byggðarlögum. Á meðan við erum fastar með meiri ábyrgð á heimili og börnum þá höfum við ekki rými til að skapa okkur atvinnu. Hér á Þórshöfn eru núna alfarið konur í stjórn foreldrafélagsins og ungmennafélagsins, og alla jafna eru konur þar alltaf í miklum meirihluta.“

Þær sem rugga bátum fá orð á sig fyrir að vera með vesen. Þegar ég flutti aftur heim var hringt í mig og ég beðin um að baka fyrir björgunarsveitina því maðurinn minn hafði gengið í hana. Þetta varð bara eitt símtal eftir að ég hafði sagt þeim að hann kynni að baka eplaköku og hana gætu þau fengið.

Á meðan við erum enn þarna verður erfitt að fá konur inn í byggðarlögin sem ekki hafa alist upp í þessu umhverfi því þær vilja ekki stíga til baka. Meðal annars vegna þessa eru fleiri konur búsettar í höfuðborginni.“

Hver er Gréta Bergrún Jóhannesdóttir?

Gréta Bergrún er alin upp í Þistilfirði en býr og starfar á Þórshöfn sem sérfræðingur við Rannsóknasetur byggða – og sveitarstjórnarmála við Háskólann á Bifröst. Hún varði í sumar doktorsritgerð sína sem kallast „Ein af þessum sögum. Félagslegt taumhald, fólksflutningar og slúður: ungar konur í litlum byggðarlögum á Íslandi“ við Háskólann á Akureyri. Gréta Bergrún er með BA-gráðu í fjölmiðlafræði og starfaði um tíma hjá svæðisútvarpi RÚV á Austurlandi áður en hún hélt í meistaranám í kynjafræði í Svíþjóð. Hún var líka eitt lærdómsríkt sumar sem kokkur hjá frú Olgu á Kaffi Nielsen og annað sumar við bensínafgreiðslu í Hraðbúð Esso.



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir



Sparnaður ríkisins verður að kostnaði fólks á landsbyggðinni

Stöðugt þarf að vinna að því að tryggja skilning á þeim aðstöðumun sem ríkir á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins, til dæmis varðandi aðgang að heilbrigðisþjónustu. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, segir félagið þurfa að stíga inn í hlutverk ríkisins við að styðja einstaklinga til að sækja sér þjónustu.

„Við sjáum hvernig þjónustan dregst saman. Sérfræðingum sem koma til okkar fækkar en í staðinn er ætlast til að við ferðumst til þeirra, yfir landið þvert og endilangt með tilheyrandi röskun á okkar lífi og auknum kostnaði.

Ég hef setið í heilbrigðisnefnd Alþýðusambands Íslands og við sem komum af landsbyggðinni höfum beitt okkur í þessari umræðu. Við mætum ákveðnum skilningi en það eru líka margir hissa á þessum sögum úr okkar raunveruleika. Til dæmis að konur af

ákveðnum svæðum þurfi að fara heiman frá sér hálfum mánuði fyrir fæðingu. Því fylgir mikill kostnaður, fyrir utan röskun á heimilislífi og öðru. Þar höfum við líka rætt geðheilbrigðismálin. Þar eru reyndar biðlistar um allt land þótt búið sé að binda þjónustuna í lög,“ segir Hjördís Þóra.

Hún segir að þegar verst lætur flytji fólk af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar til að vera nær lækniþjónustu frekar en að vera að eyða í stöðugan ferðakostnað. „Það eru margir sem hafa gert það.“

*Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir,
formaður AFLs.*

Íbúðirnar gegna hlutverki sem ríkið ætti að sinna

Um síðustu áramót var þeim læknisferðum, þar sem ferðakostnaður er greiddur af ríkinu í gegnum Sjúkratryggingar, fjölgað úr tveimur í fjórar. Verkalýðshreyfingin hafði þrýst á það. AFL hleypur líka undir bagga, með íbúðum í Reykjavík og á Akureyri, fyrir félaga sem þurfa að dvelja þar til að sækja heilbrigðisþjónustu.

„Hluti íbúðanna er í eigu sjúkrasjóðs AFLs og þær eru hugsaðar fyrir það fólk sem þarf að sækja þessa þjónustu. En það má spyrja að því hvort rétt sé að félagar í stéttarfélögunum borgi það sem ríkið á í raun að borga.

„Sérfræðingum sem koma til okkar fækkar en í staðinn er ætlast til að við ferðumst til þeirra, yfir landið þvert og endilangt“

Við niðurgreiðum líka ferðir þegar fólk er búíð með þær ferðir sem ríkið borgar. Það hefur munað um þessa fjölgun en sjúkrasjóðurinn er engu að síður að bæta við.

Sparnaðurinn sem verður til með samþjöppun þjónustunnar er ekki fyrir þann sem þarf þjónustuna heldur fyrir ríkið eða viðkomandi stofnun. Þegar uppi er staðið er þetta ekki sparnaður. Ég hugsa að kostnaðurinn við að fá augnlækni hingað í tvo daga sé brot af því sem fólk þarf að leggja út í ferðakostnað.

„Það þarf sveitamann til að ræða þetta“

Hjördís Þóra hefur verið viðloðandi verkalýðshreyfinguna í rúm 30 ár og er í



Stundum gengur illa að fá skilning á hagræði þess að sérfræðingar sinni heilbrigðisstofnunum úti á landi.

dag annar forseti Alþýðusambands Íslands. Hún segir ágreining reglulega koma í ljós á milli fólks innan hreyfingarinnar, eftir því hvort það búi á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

„Við getum nefnt orkumálin, hvort virkja eigi eða ekki eða hvar – oft er í lagi að virkja annars staðar en hjá þeim sjálfum. Innan ASÍ er fólk þó sammála um að mestu skipti hver eigi virkjunina, að það sé Landsvirkjun eða álíka aðili sem skilar þjóðinni ágóðanum. Þetta var rætt á þingi ASÍ nú í október.

Það fer fyrir brjóstið á mér að það megi ekki reisa vindmyllur því þær skemmi fyrir ferðamönnum. Hvað með okkur sem búum þarna? Ég er hlynnt því að við höldum í náttúruna en við verðum líka að nýta hana eins og þarf fyrir okkur sem búum hér.

Annað málefni sem var rætt og menn eru ekki sammála um eru fiskveiðar og eldi. Mér virðist vera grundvallarafstöðumunur

„Sparnaðurinn sem verður til með samþjöppun þjónustunnar er ekki fyrir þann sem þarf þjónustuna“

til fiskeldis eftir því hvar fólk býr. Við sem búum í dreifbýlinu gerum okkur grein fyrir að við verðum að hafa vinnu, að við lifum ekki á loftinu. Fiskeldi skapar störf, eins og fleira sem er umdeilt. Álverið hér var líka umdeilt en það skapar störf.

Ég er það mikil sveitamanneskja að ég segi stundum að það þurfi sveitamenn til að ræða þetta. Það kemur oft annar vinkill úr dreifbýlinu á alls konar mál.“

„Neitum að sitja undir því að fjöldi íbúa stýri allri uppbyggingu“

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA.
Mynd: Austurbrú

Samband sveitarfélaga á Austurlandi lét í fyrra vinna fyrir sig greiningu á efnahagsumsvifum Austurlands. Hún leiddi í ljós að fjórðungur vöruútflutningstekna landsins verður til á svæðinu. Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, segir þörf á að ræða hvernig fjórðungurinn fái aftur til sín sanngjarnan hlut af framlagi sínu. Þar á meðal eigi að skoða kjördæmakerfið.

„Alþingi og þingmenn stýra því betur hvaða uppbygging kemur út á landsbyggðina. Oft er kvartað yfir að sveitarfélög séu of mörg og ósammála. Ég vil hins vegar meina að við höfum náð eftirtektarverðum árangri hér á Austurlandi

í hvað við erum samstillt. Við höfum meðal annars afgreitt Svæðisskipulag Austurlands, sem kemur inn á alla innviðaupbyggingu samfélagsins. Við erum sammála um þá stefnu og tilbúin að fylgja henni eftir.

Það kemur verulega aftan að okkur, að horfa nú upp á niðurskurð á almenningsamgöngum á milli byggðarkjarna, sem eru greiddar af hinu opinbera. Við höfum tekið skref í að sameinast því til þess er hvatt en þá er þjónustan dregin saman því ríkið styður ekki samgöngur innan sveitarfélaga. Svo eru lögð á okkur bílastæðagjöld. Hér er einnig verið að leggja niður opinber staðbundin störf, þar má nefna starf sýslumannsins og þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins á Seyðisfirði. Þessi þróun veldur okkur miklum vonbrigðum,“ segir Berglind Harpa.

Þurfum að finna önnur rök en íbúaföldann

Innan Austurlands hafa á undanförunum árum orðið ýmsar breytingar sem ríkisvaldið hefur hvatt til. Austurland lauk einu fyrsta svæðisskipulaginu á landinu og sveitarfélögum hefur fækkað jafnt og þétt niður í fjögur. Múlaþing var að miklu leyti myndað utan um samgöngubætur, það eru Fjarðarheiðargöng og Öxi, en þau fjögur ár sem liðinu eru síðan sveitarfélagið varð til hefur lítið þokast í þeim efnun.

„Sveitarfélög verða að sjá hag sinn í að sameinast og samgöngur innan sveitarfélaga vegna þar þungt. Landsstjórnarmálin tóku vel í þá áherslu sem lagt var upp með en það er miður að það hafi ekki gengið eftir. Það er einnig sorglegt að þingmenn virðast alltaf vera á þeim punkti að samþykkja að



Frá framboðsfundi í Valaskjálfi fyrir Austurlandskjördæmi árið 1995. Frá vinstri: Halldór Ásgrímsson, Framsóknarflokk, Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi, Gunnlaugur Stefánsson, Alþýðuflokk, Egill Jónsson, Sjálfstæðisflokk, Snorri Styrkársson, Þjóðvaka og Salóme Berglind Guðmundsdóttir, Kvinnalista. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands/Anna Ingólfssdóttir

framkvæmdir séu að fara í gang, eins og sagan sýnir til dæmis með Óxi.

Þá fer maður að hugsa hvort ástæðan sé fámenni okkar og byggt á þeim rökum sáum við mikilvægi þess að byggja upp gagnrök. Við höfum gert það með svæðisskipulaginu og efnahagsgreiningunni. Við neitum að sitja undir því að fjöldi íbúa stýri allri uppbyggingu.“

Væri Austurlandskjördæmi betra?

Efnahagsgreiningin var lögð fram og afhent ríkisstjórn Íslands þegar hún hélt sumarfund sinn á Egilsstöðum í fyrra. Á þeim fundi hafði SSA líka frumkvæði að því að ræða hvort rétt væri að endurskoða kjördæmaskipan landsins. Frá 1959-2003 mynduðu Múlasýslurnar tvær og Austur-Skaftafellssýsla Austurlandskjördæmi sem átti fimm þingmenn.

„Ég hef mikinn áhuga áhuga á kjördæmaskiptingunni þótt ég sé ekki með ákveðna skoðun á hvað sé best fyrir okkur. Norðausturkjördæmi hefur tíu þingmenn og tveir þeirra koma frá Austurlandi. Hins vegar ef við verðum Austurlandskjördæmi

„Við höfum tekið skref í að sameinast því til þess er hvatt en þá er þjónustan dregin saman því ríkið styður ekki samgöngur innan sveitarfélaga.“

þá eigum við einungis um 2-3 þingmenn. Málið er því kannski frekar að leiðin sé að virkja hina þingmennina í kjördæminu með því að ná betur til þeirra. Kannski er það okkar sök að hluta fyrir að hafa ekki nógu oft samband.

Ég hef sex sinnum setið sem varaþingmaður á Alþingi og þannig fundið hve krefjandi það er að vera þingmaður úr landsbyggðarkjördæmi. Þingfundir og allt annað starf sem fylgir þingsetu fer fram Reykjavík og því fylgja óhjákvæmilega miklar fjarvistir frá heimili og fjölskyldu. Síðan þegar þingmenn komast heim þurfa þeir að fara að ferðast um þetta stóra kjördæmi.

Þess vegna held ég að við uppröðun á lista skipti miklu máli að þingmannsefni frá Austurlandi séu að minnsta kosti í öðru sæti. Það skiptir máli upp á fylgi frá Austurlandi, til að endurspeglar frekar kjósendur og skapa meiri sátt innan svæðisins.

Við settum þessa hugleiðingu fram, á fundinum með ríkisstjórninni í fyrra, hvort best væri að vera með Austurlandskjördæmi. Mögulega er niðurstaðan sú að það væri best fyrir Austurland og fleiri staði að minnka kjördæmin upp á að ná betur til þingmanna. En við sjáum einnig óheillaþróun á landsbyggðinni varðandi fjölda þingmanna. Norðvesturkjördæmi er að missa þingmann vegna jöfnunarákveðis, fámenni landsbyggðarinnar og Norðausturland tapar væntanlega þingmanni í næstu kosningum, sem er mikið áhyggjuefni.

Mér finnst oft gaman að tala við þingmenn sem voru hér áður þegar svæðin voru minni og þeir náðu mikilli uppbyggingu út á landsbyggðina og voru í betra samtali við kjósendur. Ég held að það sé nærri ógerlegt að sinna því eins vel í svona stóru kjördæmi. Innan kjördæmisins eru einnig skiptar skoðanir sem geta mögulega sett þingmenn í klemmu þannig að þeir beiti sér ekki jafn ákveðið í stöðu sinni.

„Jafnvel þótt Múlaþing komi með sterka bókun um samtali við ráðherra þá höfum við séð það ansi oft upp á síðkastið að við fáum ekki það samtali og ótrúlega oft ekki svar.“

Mannfjöldi á Íslandi og virði útflutnings á mann




Hlutfall íbúa Íslands sem búa á Austurlandi
2,9%

Útflutningsverðmæti á mann á Austurlandi
7,92
sinnum hærra en landsmeðaltal


Heildarútflutningur

Útfluttar sjávarafurðir


Útflutt ál



Hlutfall útflutningsvara frá Austurlandi
23%



Hlutfall útfluttra sjávarafurða (með fiskeldi) frá Austurlandi
21,7%



Hlutfall útflutts áls frá Austurlandi
35,5%

Ísland (Röð) Austurland (Blá) Reykjavík (Svart)

Tölur frá 2022. Heimild: Efnahagssumsvif Austurlands

Í sveitarstjórnarstörfum er staðreyndin sú að þau verkfæri sem við höfum þar, eru að ná samtali við ráðherra og þingmenn. En jafnvel þótt Múlaþing komi með sterka bókun um samtal við ráðherra þá höfum við séð það ansi oft upp á síðkastið að við fáum ekki það samtal og ótrúlega oft ekki svar. Þá veltir fyrir maður fyrir sér hvort mikilvægt samband á milli kjósenda og ráðherra virki ekki sem skildi.

Þörf á lykileiningum sem hægt er að byggja í kringum

Berglind Harpa er á meðal þeirra sem bindur vonir við að tækniframfarir og gerbreytt viðhorf til fjarvinnu eftir Covid-faraldurinn skapi hvata fyrir fólk til að flytjast út á land til að styrkja byggðina. Hún bendir líka á menntun sem eitt af lykilatriðunum í byggðapróuninni.

„Ég var mikil borgarmanneskja áður en ég flutti hingað árið 2003 en nú vil ég

„Það þarf öflugt atvinnulíf og verðmætasköpun til að standa undir samneyslunni og velferðarþjónustunni. Þar er Austurland mikilvægur hlekkur.“

hvergi annars staðar búa. Ég finn fyrir sunnan hvað hraðinn er mikill og ég held að það leiði til minni lífsgæða. Maður hugsar út í að fjölskyldan geti gefi sér tíma saman, foreldrar, börn og eldra fólk. Ég finn hvernig allt er rólegra þegar ég er komin heim og hve mikil lífsgæði eru í því fólgin.

Það er samt ekki nóg. Við þurfum húsnaði, atvinnu, samgöngur og fleira

slíkt. Covid gerði okkur óleik en gaf okkur líka mikil tækifæri á einni nóttu varðandi aðgang að störfum, menntun og þjónustu. Baráttan fyrir þeirri þróun með aðstoð tækninnar hefði annars tekið okkur tugi ára.

Þess vegna er sorglegt að sjá stofnanir eins og Háskóla Íslands fara til baka með nám, sem ekkert mál er að bjóða upp á í gegnum fjarnám. En með bættum samgöngum og fjarskiptum finnst mér eins og dreifbýlið vakni aftur upp og eigi mikil tækifæri til vaxtar.

En ríkið horfir alltaf á uppbyggingu í takt við fjölda íbúa. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að ná fram faglegum rökum líkt og greiningu á efnahagssumsvifum og halda þeim hátt á lofti. Það þarf öflugt atvinnulíf og verðmætasköpun til að standa undir samneyslunni og velferðarþjónustunni. Þar er Austurland mikilvægur hlekkur sem samt situr eftir varðandi mikilvæga innviðuppbyggingu.

Ef þingmenn horfa af alvöru á þessa nálgun og fjárfesta í okkur mun það ýta undir jákvæða íbúabróun ásamt aukinni verðmætasköpun. Á Akureyri varð afar jákvæð þróun með tilkomu háskólans á Akureyri. Ég segi ekki að Austurland eigi að fá háskóla en við þurfum samt lykileiningar sem við getum látið eitthvað blómstra í kringum.

Til framtíðar verður að byggja á öruggum svæðum

Berglind Harpa bendir enn fremur á að horfa verði í öryggi fólks þegar byggð sé skipulögð. Suðvesturhornið sé jarðfræðilega virkt og þar hafi mögulega verið farið of hratt í að byggja á svæðum þar sem náttúruhamfarir geti dunið yfir.

„Í kjölfar jarðhræringanna á suðvesturhorninu og kostnaðar við að kaupa upp hús í Grindavík, sem var nauðsynlegt að gera, hljótum við að horfa á hvar við viljum ýta undir jákvæða íbúabróun. Við viljum hvorki þurfa að lenda í svona kostnaði né bjóða fólki upp á þann hrylling að þurfa að flýja heimili sín. Þá verður að horfa til öruggra svæða með tilliti til jarðhræringa og hér vil ég benda á að stór svæði á Austurlandi eru tiltölulega örugg og til þess verðug við uppbyggingu.

Ég skil heldur ekki hvað er í gangi með þær hugmyndir að færa Reykjavíkflugvöll yfir á hraunasvæði. Við vitum aldrei



Berglind Harpa segir það hafa verið mikið óheillaskref að bílastæðagjöld hafi verið tekin upp við Egilsstaðaflugvöll.

hvenær hraun rennur þar aftur um. Sú framkvæmd mun kosta gríðarlega fjármuni en á sama tíma skortir landsbyggðina innviðaupbyggingu. Við verðum að hugsa á skynsaman hátt og skoða söguna með tilliti til jarðhræringa.

En ég má líka til með að nefna þær hömlur sem við búum við í innanlandsfluginu. Við þurfum oft að greiða hátt í 100 þúsund krónur fyrir flugfar til Reykjavíkur og aftur austur. Fólk langar að flytja út á land en það setur þetta fyrir sig, að geta ekki flogið oftar suður til að hitta ættingja og vini eða sækja aðra þjónustu.

Þetta verður að laga og þess vegna var það óheillaskref að setja enn frekara gjald á okkur með gjaldskyldu á Egilsstaðaflugvelli. Ég skil ekki að þingmenn kjördæmisins hafi ekki lagst frekar á árarar með okkur

„Ég skil ekki að þingmenn kjördæmisins hafi ekki lagst frekar á árarar með okkur gegn þessari gjaldheimtu.“

gegn þessari gjaldheimtu, fyrr en það skref var nánast frágengið formlega. Þetta hefur sérstaklega áhrif á okkur hér eystra. Þótt þessi skattur hafi líka verið lagður á við Akureyrarflugvöll þá hafa íbúar þar aðgang að meiri sérhæfðri og nauðsynlegri þjónustu í sínum bakgarði á meðan við þurfum að sækja okkar.“

Hver er Berglind Harpa Svavarsdóttir?

Berglind Harpa er uppalinn í Hveragerði en hefur verið búsett á Egilsstöðum síðan 2003. Hún er menntaður hjúkrunarfræðingur og lauk síðar meistaranámi í heilbrigðisvísindum með áherslu á stjórnun. Hún vann áður sem hjúkrunarfræðingur hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands en hefur frá 2018 verið forstöðumaður í dagþjónustu eldri borgara á Egilsstöðum. Hún settist fyrst í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs árið 2018 og er í dag oddviti Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórn Múlapings og formaður bæjarráðs. Hún tók við sem formaður SSA árið 2022. Hún hefur verið varapingmaður Sjálfstæðisflokksins frá árinu 2021.



„Ég er orðinn þreyttur á krónutöluhækkunum“

Sverrir Kristján Einarsson
formaður iðnaðarmannadeildar AFLs.

Sverrir Kristján Einarsson, formaður iðnaðarmannadeildar AFLs, segir viðbúið að kynslóðaskipti verði í verkalýðshreyfingunni og þar með breytist áherslur áður en næstu kjarasamningar fyrir almenna markaðinn verða gerðir árið 2028. Sverrir Kristján kom sjálfur ungur inn í hreyfinguna og hefur tekið þátt í störfum AFLs í hartnær 20 ár. Við ræddum við hann um kjaramál, hvernig lífið breyttist eftir að hann hætti að drekka og áhugann á mótórhjólum.

„Ég er fæddur og uppalinn hér á Eskifirði, kláraði grunnskólann og síðan fyrsta árið í grunnnámi rafiðna við Verkmenntaskóla Austurlands. Síðan flosnaði ég upp úr námi.

Ég fór reyndar sem skiptinemi til Bólivíu í hálf tít á vegum AFS samtakanna. Á þeim tíma náði ég tökum á spænskunni. Það var eina málið sem talað var í kringum mig þannig að ég byrjaði að læra frasa til að geta tekið leigubíl eða pantað mat. Svo kom þetta.

Ég var í Santa Cruz, í útjaðri Amazon-frumskógarins. Þar er mjög heitt enda er það inni í miðri Suður-Ameríku. Bólivía er mjög hálent land en Santa Cruz er bara tæplega 500 metra yfir sjávarmáli. Fullt nafn borgarinnar er Santa Cruz de la Sierra

sem þýðir „heilagi Krossinn á hæðinni.“ Í eina átt frá borginni sér maður skógana en í hina áttina rísa fjallgarðarnir. Ég hélt spænskunni við eftir að ég kom heim og bjó í Reykjavík, ég hitti þar spænskumælandi fólk. Ég tók síðan áfanga í spænsku í framhaldsskóla, tvo í einu, til að fá einingarnar. Kennarinn skildi ekkert hvað ég var að gera þarna, altalandi á spænsku.

Þar var ég upp úr 2000. Ég var aðallega að vinna í veitingabransanum, lærði hluta af þjóninum á Hótel Holti. Síðan kom ég austur í lok árs 2006, ætlaði að vinna í nokkra mánuði til að geta keypt mér íbúð í bænum. Ég náði því árið 2007 en sama ár varð stelpa sem ég var að hitta hér ólétt og við ákváðum að stofna fjölskyldu.“



Dómkirkjan er eitt þekktasta kennileiti Santa Cruz. Mynd: Creative Commons 2.0/Ariom Pardo

„Ég hélt spænskunni við eftir að ég kom heim og bjó í Reykjavík, ég hitti þar spænskumælandi fólk.“

Missti íbúðina eftir hrun

Sverrir Kristján er fæddur árið 1981 og var því aðeins 27 ára í efnahagshruninu. Eins og hjá öðrum stökkbreyttist íbúðalánið hans nánast á einni nóttu og svo fór loks að hann missti íbúðina í borginni í skuldauppgjöri árið 2012.

„Ég held ég hafi ekki verið nógu reyndur til að halda íbúðinni. Í dag hefði ég dregið saman í öðru. En þetta varð allt í lagi að lokum. Ég held ég hafi ekkert farið verr út úr hruninu en margir aðrir. Í lokin skuldaði

ég níu milljónir í íbúðinni. Mér var ráðlagt að skrifa bankanum bréf þar sem ég bauðst til að greiða hálf milljón upp í lánið og fá restina fellda niður. Ég fékk gagntilboð um að borga milljón og tók því.

Þetta þýddi að ég gat nokkrum árum síðar keypt húsið sem ég bý í hér á Eskifirði í dag. Ég varð ekki gjaldþrota en það var möguleiki sem maður íhugaði.“

„Ég varð ekki gjaldþrota en það var möguleiki sem maður íhugaði.“

Í fyrstu stjórn ASÍ UNG

Sverrir Kristján rifjar upp að fyrsti alvöru fundurinn sem hann sótti á vegum AFLs hafi verið stóri sameiningarfundurinn

„Ég lærði fljótt að það eru bæði réttindi og skyldur – sem maður má alls ekki gleyma.“

þegar AFL varð til í núverandi mynd árið 2007. Hann segist hafa verið alinn upp í slíku umhverfi, móðir hans hafi verið virk í hreyfingunni sem og fleiri ættingjar í þeirri ætt. Síðar hafi hann komist að því að föðurbæður hans væru virkir í hreyfingunni á Suðurnesjum.

„Ég lærði fljótt að það eru bæði réttindi og skyldur – sem maður má alls ekki gleyma. Við eigum rétt á launum í veikindum, orlofi, sanngjörnum launum og fleiru en það hvíla líka á okkur skyldur til að mæta og sinna vinnunni okkar.“

Hann tók líka þátt í starfi ASÍ UNG, samráðsvettvangi fólks á aldrinum 18-35 ára í launþegahreyfingunni, sem þá var að fara af stað.

„Það var óskað eftir því að hvert aðildarfélag ASÍ sendi tvo fulltrúa á stofnþing ASÍ UNG. Þar bauð ég mig fram í stjórn. Ég hef alltaf viljað hafa eitthvað sjálfur að segja um framtíð mína. Fyrstu ár ASÍ UNG voru erfið að því leyti að það vissi eiginlega enginn hvað ætti að gera við okkur eða hversu mikil völd við ættum að hafa. Nú er búið að leysa það, formaður ASÍ UNG er áheyrnarfulltrúi í miðstjórn og samtökin eiga fullgilda fulltrúa í flestum nefndum ASÍ.

Ég held að starf ASÍ UNG hafi skilað árangri. Við erum enn 4-5 úr fyrstu stjórninni sem erum vel virk innan hreyfingarinnar og mér sýnist það eiga við um flest þeirra sem tekið hafa þátt í starfi ASÍ UNG.“



Þörf á hreinskiptinni umræðu innan hreyfingarinnar

Þessi ungliðahópur er núna í kjörstöðu þegar við virðist blasa að mikil endurnýjun verði í forystusveit verkalyðshreyfingarinnar á næstu árum. „Áður en kemur að næstu kjarasamningum á almenna markaðinum árið 2028 verða leiðtogar í 10-12 félögum komnir á aldur. Þetta er meðal annars að gerast í okkar félagi. Spurningin er hvort þeir ætla að hætta í starfinu kortér í kjarasamninga eða gefa nýju fólki tækifæri til að koma sér inn í starfið áður.

Ég held að það verði áherslubreytingar, eins og alltaf með yngra fólki. Ég held að margt yngra fólk sé orðið þreytt á já-menningu. Stundum hafa virst vera mikil átök innan hreyfingarinnar en yfirleitt er það í litlum hópum á meðan stóri hópurinn fylgist að og þegir.

„Með áframhaldandi krónutöluhækkunum verður einn ríkistaxti.“

Ef ég tala fyrir sjálfan mig þá er ég orðinn þreyttur á krónutöluhækkunum. Hreyfingin hefur þó valið þá leið og þá styður maður það. Við eigum að vera opin ská á fundum innan hreyfingarinnar en vera samstíga þegar niðurstaða er komin. Stundum hefur mér fundist fólk þegja þegar við erum að velja stefnuna en kvarta svo eftir á. Ég segi ekki að hreyfingin eigi að koma fram með eitt markmið, auðvitað eru ákveðnir hópar sem fara ákveðnar leiðir, til dæmis allir iðnaðarmenn saman og verkafólk síðan.“

Verið að þurrka út millistéttina

Sverrir Kristján kveðst ekki óttast að þetta verði til þess að kljúfa hreyfinguna, en þegar hafa forystumenn einstakra félaga hótad því að segja sig úr ASÍ. „Ég veit að það er fólk sem hefur talað um það. Ég sé það ekki gerast og ég trúi ekki á slíkt ofbeldi. Fólk verður að læra að það vera sátt við að vera ósátt.

Ég vona að iðnaðarmenn fari saman í næstu samninga sem heild og starfsgreinahlutinn fari saman og sækji það sem hvor hópur þarf. Almenni markaðurinn er gegnumgangandi á kaupþóxtum sem samið er um. Iðnaðarmenn eru á móti margir yfirborgaðir. Það endurspeglar að atvinnurekendur eru tilbúnir til að borga sumum hópum hærra. Þess vegna þarf að verja kaupþaxtana, því ef í harðbakkann

slær eru það grunnlaunin sem við dettum niður á, eins og gerðist í hruninu.

Með áframhaldandi krónutöluhækkunum verður einn ríkistaxti. Þá er enginn akkur fyrir mig að læra ef ég er á sama kaupum hvort sem ég er að sópa eða er sérfræðingur. Það verður að vera gulrót til að fólk vilji bæta sig.

Vissulega höfum við náð að hækka hæstu laun en á sama tíma hefur bilið á milli lægstu launa og annarra launa minnkað. Ég er ekki viss um að það sé góð þróun.

Mér finnst eins og að það sé verið að þurrka út millistéttina. Stór hluti þjóðarinnar telur sig vera í millistétt en margir sem eru í henni eru að detta niður í láglaunastétt því launamunurinn á milli þessara stöðluðu millistéttarstarfa og þeirra lægst launuðu er að hverfa.

Við vitum líka að jafnvel þótt samið sé um krónutöluhækkunir þá reiknar fólkíð sjálft í prósentum og fer með það inn í sitt launaviðtal. Þannig gengur þetta upp alla tröppuna, hvort sem er í úrskurði kjararáðs eða kröfum stjórnenda. Eina fólkíð sem við setjum inn í krónutöluhækkunir er fólkíð sem er á kaupþóxtunum, það er lágtekjufólk og millistéttar fólk. Ég vil að kaupþaxtarnir séu það góðir að allir geti lifað af þeim en þurfi ekki að sækja sína hækkingu í launaviðtalið.“

Í rafvirkjanám

Sverrir Kristján starfaði í fiskimjölsverksmiðju Eskju fyrst eftir að hann snéri aftur austur. Fyrir um áratug síðan færði hann sig yfir til Alcoa Fjarðaáls og var þar þar til í janúar í fyrra þegar hann réði sig til Rafmagnsverkstæðis Andrésar. Hann hafði ekki löngu áður ákveðið að fara aftur í nám og reyna að klára rafvirkjanámið sem hann byrjaði fyrst í haustið 1997.

Talandi um að bæta við sig þekkingu þá ákvað Sverrir Kristján upp úr fertugu að fara aftur í nám og skráði sig í rafvirkjun, nokkuð sem hann byrjaði tæknilega séð á haustið 1997.

„Jafnvel þótt samið sé um krónutöluhækkunir þá reiknar fólkíð sjálft í prósentum og fer með það inn í sitt launaviðtal. Þannig gengur þetta upp alla tröppuna.“

„Það urðu miklar breytingar á lífi mínu þegar ég og konan mín skildum árið 2021. Ég var þá á vöktum í álverinu og það hentaði mér ekki verandi einn með þrjú börn. Ég byrjaði á að sækja um dagvinnustörf innan Alcoa en fékk þau ekki. Önnur störf á svæðinu sem greitt var vel fyrir voru vaktastörf og hentuðu því ekki. Markmiðið var þá að komast í þokkalega borgað dagvinnustarf og til þess þurfti ég menntun. Ég sótti um í Háskólanum á Akureyri í viðskiptafræði og í rafvirkjun í VA. Mér leist betur á rafvirkjunina.

Ég fékk mér au-pair til að hjálpa mér við heimilið enda er ég í 100% vinnu, 100% námi og með þrjú börn. Þrjú daga í viku fer ég út klukkan 7:30 á morgnana og kem heim klukkan níu á kvöldin. Ég sé samt fram á bjartari tíma því ég á að klára sveinsprófið í sumar.“

Fólk flytur vegna kostnaðar við að sækja heilbrigðisþjónustu

Þegar við hittum Sverri Kristján var hann nýkominn heim af þingi ASÍ. Á þinginu voru rædd ýmis málefni þar sem greina mátti bil á milli þingfulltrúa af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

„Ég myndi kannski frekar segja að það væri áherslumunur. Húsnæði og

vextir brenna á öllum í dag en gera það á mismunandi hátt. Húsnæðisverð er gjarnan lægra úti á landi og þar af leiðandi eru lán þar aðeins lægri. Þess vegna bita háir vextir meira á höfuðborgarsvæðinu. Þeir hlutar í kjarasamningum sem átti að lækka það gera því minna fyrir landsbyggðina. Hvorugur hópur getur þó raunverulega keypt sér hús.“

Á þinginu var líka ályktun felld, með rúmlega helmingi atkvæða, um aukna orkuöflun til atvinnuuppbyggingar. „Fólk er ekki sammála um hvaða atvinnu eigi að byggja upp en við erum að lokum ekki í mikilli stöðu til að ákveða hvaða atvinnu byggist upp. Varðandi orkumálin finnst mér skipta mestu að orkuverð til almennings hækki ekki. Við tölum um að byggja upp orkufrekan iðnað en á sama tíma má ekki byggja upp orkuver, nema helst er rætt um

„Það gengur ekki að lægstlaunaða fólkíð þurfi að verja fjórðungi mánaðartekna sinna í eina flugferð til að komast til læknis.“

35 vindorkuver sem teiknuð hafa verið upp á mismunandi stöðum. Aðeins eitt þeirra hefur verið samþykkt. Vindorkunni fylgja sveiflur og fleira sem líklegt er að hækki orkuverð.

Ég hef sett spurningarmerki við orkupakkana sem Alþingi hefur samþykkt. Ég held að þeir hafi ekki verið góðir fyrir almenning. Með þeim fyrsta var framleiðsla og dreifing aðskilin sem hækkaði verðið. Í þeim þriðja var einkaaðilum gefið meira svigrúm, þeir þurfa ekki að selja á neytendamarkað heldur til hæstþjóðanda. Þar með er orkumarkaðurinn alfarið orðinn



Sverrir Kristján í
mótorhjólalaganum við
Gufufoss í Seyðisfirði.

samkeppnismarkaður. Við verðum að verja almenning og vonandi verður það gert en það eru allt of margir sem verja fjármagnið.

Það eru fleiri málefni sem landsbyggð og höfuðborgarsvæðið eru ekki sammála um innan ASÍ. Flugvallarmálið til dæmis, Austfirðingar eru hardastir á að hafa Reykjavíkflugvöll þar sem hann er.

Síðan eru það heilbrigðismálin, þar verður að jafna kostnaðinn. Það gengur ekki að lögstlaunaða fólk þurfi að verja fjórðungi mánaðartekna sinna í eina flugferð til að komast til læknis. Það var framför þegar niðurgreiddum ferðum

var fjölgað um síðustu áramót en staðan er samt ómöguleg fyrir þau sem þurfa að fara oft. Ég þekki mörg dæmi þess að fólk hefur flutt af svæðinu út af veikindum í fjölskyldunni, það hefur ekki efni á að búa úti á landi. Ég veit að þetta er málefni sem brennur á fólk.

Íbúðirnar í Reykjavík stórkostleg kjarabót

Sverrir Kristján kom fyrst inn í stjórn AFLs árið 2011. Hann nefnir kjaramál og orlofsmál sem aðaláherslumál félagsins.

„Ég held að við séum eitt sterkasta félagið þegar kemur að orlofsmálum. Við erum að tala um íbúðirnar í Reykjavík og Akureyri og orlofshús víða um land. Íbúðirnar í Reykjavík eru ein mesta kjarabót sem við getum veitt okkar félögum, að hafa ódýra gistingu þegar á þarf að halda, sérstaklega fyrir læknisheimsóknir. Vonandi heldur sú uppbygging áfram.

Í kjaramálum er svæðið vel stutt. Það er barist um fólk í vinnu og við eigum að geta nýtt okkur það til að sækja hærra laun. Það er helst að álverið sé farið að sitja eftir í samkeppni við aðrar atvinnugreinar á svæðinu. Mér hefur þótt vera ákveðið skilningsleysi á því að til að halda í fólk verður að hækka launin og það er farið að sjást á starfsmannahópnum.“

„Ég væri til í að sjá
meiri samstöðu
iðnaðarmanna AFLs í
að vilja hækka launin.“

Sverrir Kristján varð formaður iðnaðarmannadeildarinnar í vor. „Ég er enn að koma mér inn í hlutverkið en ég vildi gjarnan vilja sjá meira samstarf iðnaðarmanna. AFL er innan Samiðnar og verður það áfram en ég held að við getum verið meira samstíga með öðrum iðnfélögum. Að því er kominn vísir sem byggja þarf ofan á.

Ég væri til í að sjá meiri samstöðu iðnaðarmanna AFLs í að vilja hækka launin, því ég held að stór hluti þeirra sé yfirborgaður. Ég vil gjarnan draga úr launaleyndinni sem virðist viðgangast alls staðar. Fyrirtækin bera fyrir sig jafnlaunavottun en segja samt ekkert hver launin raunverulega eru.

Þetta hefst með samstöðu. Ég vil losna

við yfirvinnu 1, það er klúður að hún hafi farið inn í samninga þannig að borgað sé lægra kaup fyrir fyrstu yfirvinnutímana en er gert fyrir þá næstu á eftir. Með því eru þeir gjaldfelldir.

„Á meðan ég drakk tók það mig langan tíma að viðurkenna að ég þyrfti hjálp.“

Annar maður fullur en edrú

Í samtali okkar hefur Sverrir Kristján nokkrum sinnum komið inn á að líf hans hafi breyst við það að hætta að drekka áfengi árið 2018. Hann nefnir sem dæmi að trúlega hafi það og fjármálin komið í veg fyrir að hann færi aftur til Bólivíu.

„Ég hef vitað það síðan um tvítugt að ég væri alkóhólisti. Þegar ég var 19 ára hætti ég að drekka í um tvö ár. Neyslan gerði það líka að verkum að ég hélst ekki í vinnu. Það kom fyrir að ég mætti ekki daginn eftir drykkju og þess vegna var ég loks rekinn. Þetta hafði líka áhrif á samskipti mín við fólk og ég lenti í vandræðum bæði í vinnu og innan verkalýðshreyfingarinnar á tímabili. Ég var eins og Dr. Jekyll og Mr. Hyde að því leyti að ég var allt annar maður fullur en ég var edrú.“

Í febrúar 2018 tók ég til í mínu lífi, fór í tólf spora samtök, breytti því sem ég þyrfti að breyta, er breyttur maður eftir það og hef reynt að bæta úr því sem ég get.

Á meðan ég drakk tók það mig langan tíma að viðurkenna að ég þyrfti hjálp, að drykkjan væri það stjórnlaus að ég gæti ekki gert þetta sjálfur. Eftir að ég leitaði mér hjálpar fékk ég upp í hendurnar verkfæri sem nýtast mér alls staðar í lífi mínu, og þó það sé stundum erfitt þá er það ekki flókið.

Prógrammið var einfalt en tók á andlega. Það er erfitt fyrir alla að sættast við að lífið eins og þeir hafa lifað því virkar ekki.

En ég á ekki í vandræðum í dag. Lífið er miklu betra. En það gerast samt hlutir. Ég var blædrú þegar ég skildi og það var örugglega erfiðasti tími lífsins, en af því að ég var hættur að drekka hafði ég verkfæri til að takast á við það. Í mínum huga eru þessi verkfæri mesta guðsgjöf og ég nota þau bæði í vinnunni og heima.“

Hellti sér í mótörhjolin

Að hætta að drekka hefur búið til tíma fyrir ný áhugamál. „Ég tók prófið eftir að ég varð edrú. Ég vildi prófa eitthvað nýtt, snúa mér frá sjónvarpinu og tölvuleikjum. Að drekka tekur fáránlega mikinn tíma og kostar sitt. Það bættust við tveir dagar í vikuna



Honda VTX1800 er mótörhjólíð sem Sverrir Kristján ekur um á í dag.

sem ég nota í eitthvað uppbyggjandi. Ég fer mikið í sundlaugina og í gufu. Ég hef gaman af að ferðast, fer flest sumur um landið með tjaldvagn í eftirdragi eða á hjólinu. Ég vil sjá fallega staði á Íslandi. Í sumar fór ég til dæmis á hjólinu að

Fardagafossi. Ég gekk frá bílplaninu og upp bak við fossinn í mótörhjólagallanum. Ég mæli ekki með því, hann er heitur. Það fer líka mikill tími í að sækja fundi, bæði hjá verkalýðshreyfingunni og tólf spora samtökunum.

Ég er búinn að eiga ein fimm hjól, nánast eitt á ári. Ég held ég hafi loks fundið hjólið sem hentar mér, Hondu VTX1800.

„Fókusinn hefur verið á að gera eitthvað uppbyggjandi, hvort sem það er að læra eða vera úti.“

En fókusinn hefur verið á að gera eitthvað uppbyggjandi, hvort sem það er að læra eða vera úti. Ég hef horft alveg helling á sjónvarp og spilað marga tölvuleiki – en á endanum þá færa þeir manni ekkert nýtt. Ekki frekar en áfengið.“



Til góðra verka